

# MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2017

**Dómareifanir**

1. hefti 2017 (janúar–júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

**Ritstjóri:** Pétur Dam Leifsson

**Ritnefnd:** María Thejll

Ásgerður Ragnarsdóttir

**Mannréttindadómstóll Evrópu**

**Dómareifanir 1. hefti 2017, (janúar–júní)**

**© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands**

**ISSN 1670-6145**

**Umbrot: Þorkell J. Sigurðsson**

**Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu**

## Frá ritstjóra

Í þessu hefti gefur að líta reifanir nokkurra helstu dóma og ákvarðana frá Mannréttindadómstól Evrópu frá fyrri hluta ársins 2017. Umsjónarmaður með þessu hefti var Ásgerður Ragnarsdóttir, nú héraðsdómari, en að gerð dómareifana unnu nemar við lagadeild Háskóla Íslands, þau Frigg Árnadóttir, Olga Cilia og Pálmi Þórðarson, og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Enn fremur er mér skylt að biðja alla dygga lesendur okkar forláts á þeim töfum sem orðið hafa á útgáfu dómareifana að þessu sinni, en verulegar breytingar hafa átt sér stað á stjórn og skipulagi Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands árin 2017–2018. Ber þess þá að geta að sá sem þetta ritar tók við formennsku í stjórn stofnunarinnar og þar með ritstjórn dómareifana af Oddnýju Mjöll Arnadóttur prófessor haustið 2017 eftir að hún var skipuð dómari við Landsrétt. Eru Oddnýju hér með þökkun hennar störf í þágu stofnunarinnar, en hún hafði meðal annars ásamt Ernu Blöndal lögfræðingi veg og vanda af glæsilegri ráðstefnu á vegum *Nordic Asylum Law Seminar* á sviði flóttamannaréttar sem fram fór í Háskóla Íslands vorið 2017. Þá skiptir sköpum að stofnunin hefur í reynd verið án starfandi forstöðumanns frá því að María Thejll lét af störfum hjá Lagastofnun árið 2017 og hélt til starfa sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns og ber að þakka hennar ómetanlega framlag. María hélt lengstum utan um þessa útgáfu dómreifananna undir faglegri forystu míns góða kollega, Bjargar Thorarensen prófessors, sem er sem alkunna er frumkvöðull að þessu starfi öllu. Ber þó að geta þess að þá fáeinu mánuði sem ég gegndi formennsku í stjórn Mannréttindastofnunar naut ég dyggrar aðstoðar Sigrúnar á Heygum Ólafsdóttur lögfræðings og verkefnastjóra við lagadeild varðandi ýmislegt í tengslum við rekstur stofnunarinnar og vil ég sérstaklega nota þetta tækifæri til að þakka henni fyrir en Sigrún hefur nú haldið til annarra starfa. Mín aðkoma að þessu starfi varð hins vegar ekki löng þar sem ég vék úr stjórn Mannréttindastofnunar vorið 2018 eftir að hafa verið skipaður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Eiríkur Jónsson prófessor og nú deildarforseti lagadeildar tók þá við formennsku og fylgja hér með góðar óskir mínar til núverandi stjórnar og ritnefndar í því starfi er fram undan er.

Það yfirlit dóma sem hér birtist varðar nú sem endranær mismunandi réttarsvið sáttmálans og kunna þeir ótvírætt að skipta verulegu máli fyrir réttarframkvæmd hér á landi eins og liggur nú raunar fyrir. Ber þá sérstaklega að vekja athygli á því að tvö af þeim málum sem hér eru reifuð vörðudu kærur gagnvart Íslandi sem dómstóllinn tók til meðferðar og dæmdi í. Það eru annars vegar málið Ólafsson gegn Íslandi sem varðaði tjáningarfrelsi og hins vegar málið *Jóhannesson o.fl. gegn Íslandi sem varðaði réttinn til að vera ekki saksóttur* eða refsað tvívegis, en auk þeirra er hér fjöldi annarra áhugaverðra mála sem vert væri að víkja hér frekar að en nú er mál að linni.

*Pétur Dam Leifsson.*



# Efnisyfirlit

## 1. hefti 2017 (janúar – júní)

### 2. gr. Réttur til lífs

Talpis gegn Ítalíu. Dómur frá 2. mars 2017.

*Heimilisofbeldi. Jákvæðar skyldur. Tafir á rannsókn. Mismunun á grundvelli kyns. ....* 8

Fernandes de Oliveira gegn Portúgal. Dómur frá 28. mars 2017.

*Jákvæðar skyldur. Sjúkrahús. Andleg veikindi. Sjálfsvíg. ....* 10

Huseynova gegn Aserbaísjan. Dómur frá 13. apríl 2017.

*Jákvæðar skyldur. Rannsókn. ....* 11

S.K. gegn Rússlandi. Dómur frá 14. febrúar 2017.

*(sjá reifun undir 3. gr.)*

Gard o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 27. júní 2017.

*(sjá reifun undir 8. gr.)*

### 3. gr. Bann við pyndingum

S.K. gegn Rússlandi. Dómur frá 14. febrúar 2017.

*Bann við pyndingum. Brottvísun. Raunhæft réttarúrræði. ....* 13

V.K. gegn Rússlandi. Dómur frá 7. mars 2017.

*Ómannúðleg og vanvirðandi meðferð. Leikskóli. Tafir á rannsókn. ....* 14

Illias og Ahmed gegn Ungverjalandi. Dómur frá 14. mars 2017.

*Útlendingar. Hælisleitendur. Frelsissvipting. Brottvísun. Rannsókn. ....* 15

Zherdev gegn Úkraínu. Dómur frá 27. apríl 2017.

*Yfirheyrsla. Vanvirðandi meðferð. ....* 17

Matiošaitis o.fl. gegn Litháen. Dómur frá 25. maí 2017.

*Fangar. Lífstíðarfangelsi. Möguleiki á endurskoðun. ....* 18

Bălșan gegn Rúmeníu. Dómur frá 23. maí 2017.

*(sjá reifun undir 14. gr.)*

### 4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

J o.fl. gegn Austurríki. Dómur frá 17. janúar 2017.

*Bann við nauðungarvinnu. Mansal. Jákvæðar skyldur. ....* 20

### 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Muzamba Oyaw gegn Belgíu. Ákvörðun frá 4. apríl 2017.

*Útlendingar. Brottvísun. Frelsissvipting. Meðalhóf. ....* 22

Illias og Ahmed gegn Ungverjalandi. Dómur frá 14. mars 2017.

*(sjá reifun undir 3. gr.)*

### 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Lovrić gegn Króatíu. Dómur frá 4. apríl 2017

*Brottvikning úr félagi. Aðgangur að dómstólum. Félagafrelsi. ....* 24

Van Wesenbeeck gegn Belgíu. Dómur frá 25. maí 2017.

<i>Rannsóknaraðferðir. Aðgangur að gögnum. Réttur til að spyrja vitni. ...</i>	25
Zschüschen gegn Belgíu. Ákvörðun frá 2. maí 2017.	
<i>Þagnarréttur. Sönnunarbyrði. Ákæra. ....</i>	27
Simeonovi gegn Búlgaríu. Dómur frá 12. maí 2017 – Yfirdeild	
<i>Réttur til aðgangs að lögmanni. Yfirheyrsla. Þagnarréttur. Játning. ....</i>	28
Ramljak gegn Króatíu. Dómur frá 27. júní 2017.	
<i>Sjálfstæði og óhlutdrægni dómstóls. Vanhæfi dómara. ....</i>	30
Selmani o.fl. gegn Makedóníu. Dómur frá 9. febrúar 2017.	
<i>(sjá reifun undir 10. gr.)</i>	

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Paradiso og Campanelli gegn Ítalíu. Dómur frá 24. janúar 2017 – Yfirdeild.	
<i>Staðgöngumæðrun. Friðhelgi fjölskyldu. Svigrúm til mats.</i>	
<i>Almannahagsmunir. ....</i>	32
Kacper Nowakowski gegn Póllandi. Dómur frá 10. janúar 2017.	
<i>Jákvæðar skyldur. Friðhelgi fjölskyldu. Börn. ....</i>	34
Rubio Dosamantes gegn Spáni. Dómur frá 21. febrúar 2017.	
<i>Einkalíf. Opinber persóna. Almannahagsmunir. Einkahagsmunir. ....</i>	35
Irfan Güzel gegn Tyrklandi. Dómur frá 7. febrúar 2017.	
<i>Símhleranir. Friðhelgi einkalífs. Raunhæft réttarúræði. ....</i>	37
R.L. o.fl. gegn Danmörku. Dómur frá 7. mars 2017.	
<i>Faðerni. Börn. Friðhelgi einkalífs. Almannahagsmunir. Meðalhóf. ....</i>	38
A.M.V gegn Finnlandi. Dómur frá 23. mars 2017.	
<i>Búseta. Andleg fötlun. Sjálfsákvörðunarvald. Meðalhóf. ....</i>	39
Pihl gegn Svíþjóð. Dómur frá 7. febrúar 2017.	
<i>Meiðyrði. Ábyrgð á vefsíðum. Jákvæðar skyldur. ....</i>	40
Gard o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 27. júní 2017.	
<i>Barn. Tilraunaeðferð. Líknarmeðferð. Réttur til lífs. Meðalhóf. ....</i>	41
Bogomolova gegn Rússlandi. Dómur frá 20. júní 2017.	
<i>Myndbirting. Orðspor. ....</i>	43
Aycaguer gegn Frakklandi. Dómur frá 22. júní 2017.	
<i>Vernd persónuupplýsinga. Skylda til skráningar erfðaefnis. Svigrúm til mats. ....</i>	44
Jankauskas gegn Litháen. Dómur frá 27. júní 2017.	
<i>Takmörkun á rétti til að velja starf. Lögmenn. Hagsmunamat. ....</i>	45
Muzamba Oyaw gegn Belgíu. Ákvörðun frá 4. apríl 2017.	
<i>(sjá reifun undir 5. gr.)</i>	
A.H. o.fl. gegn Rússlandi. Dómur frá 17. janúar 2017.	
<i>(sjá reifun undir 14. gr.)</i>	

## 9. gr. Skoðana- og trúfrelsi

Osmanoğlu og Kocabaş gegn Sviss. Dómur frá 10. janúar 2017.	
<i>Trúfrelsi. Börn. Meðalhóf. Svigrúm til mats. ....</i>	47

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

Jankovskis gegn Litháen. Dómur frá 17. janúar 2017. <i>Réttur til aðgangs að upplýsingum. Fangi. Meðalhóf. ....</i>	49
Pihl gegn Svíþjóð. Dómur frá 7. febrúar 2017. <i>(sjá reifun undir 8. gr.)</i>	
Selmani o.fl. gegn Makedóníu. Dómur frá 9. febrúar 2017. <i>Fjölmiðlar. Þingmenn. Þjóðfélagsumræða. ....</i>	50
Ólafsson gegn Íslandi. Dómur frá 16. mars 2017. <i>Meiðyrði. Ábyrgð ritstjóra. Þjóðfélagsumræða. Fjölmiðlar. ....</i>	51
Sarıgül gegn Tyrklandi. Dómur frá 23. maí 2017. <i>Fangi. Tjáningarfrelsi. Lagastoð. Fyrirsjáanleiki. ....</i>	52
Markkinapörssi Oy og Satamedia Oy gegn Finnlandi. Dómur frá 27. júní 2017 – Yfirdeild. <i>Miðlun upplýsinga. Skattgreiðslur. Þjóðfélagsumræða. Svigrúm til mats. Meðalhóf. ....</i>	53

**11. gr. Félagafrelsi**

Lovrić gegn Króatíu. Dómur frá 4. apríl 2017. <i>(sjá reifun undir 6. gr.)</i>	
---	--

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

S.K. gegn Rússlandi. Dómur frá 14. febrúar 2017. <i>(sjá reifun undir 3. gr.)</i>	
Irfan Güzel gegn Tyrklandi. Dómur frá 7. febrúar 2017. <i>(sjá reifun undir 8. gr.)</i>	

**14. gr. Bann við mismunum**

A.H. o.fl. gegn Rússlandi. Dómur frá 17. janúar 2017. <i>Ættleiðingar. Fjölskyldulíf. Meðalhóf. Mismunun. ....</i>	56
Bălșan gegn Rúmeníu. Dómur frá 23. maí 2017. <i>Heimilisofbeldi. Jákvæðar skyldur. Mismunun gegn konum. ....</i>	57
Talpis gegn Ítalíu. Dómur frá 2. mars 2017. <i>(sjá reifun undir 2. gr.)</i>	

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

Lekić gegn Slóveníu. Dómur frá 14. febrúar 2017. <i>Skerðing eignarréttar. Meðalhóf. ....</i>	59
--	----

**4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis**

Jóhannesson o.fl. gegn Íslandi. Dómur frá 18. maí 2017. <i>Lögsókn tvívegis fyrir sama brot. Stjórnsýslumál. Sakamál. ....</i>	61
---	----

---

## 2. gr. Réttur til lífs

---

**Talpis gegn Ítalíu**

**Dómur frá 2. mars 2017**

**Mál nr. 41237/14**

**2. gr. Réttur til lífs**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**14. gr. Bann við mismunun**

*Heimilisofbeldi. Jákvæðar skyldur. Tafir á rannsókn. Mismunun á grundvelli kyns.*

### 1. Málsatvik

Kærandi er ítalskur ríkisborgari. Í júní og ágúst 2012 var lögregla kölluð tvisvar að heimili kæranda vegna heimilisofbeldis. Eiginmaður kæranda var sektaður vegna ólögmeðrar vörslu hættulegra vopna sem gerð voru upptæk. Kærandi yfirgaf heimilið og var útvegað öruggt húsnæði. Þann 5. september 2012 kærði hún eiginmann sinn fyrir líkamlegt ofbeldi, illa meðferð og hótanir um ofbeldi. Hún óskaði jafnframt eftir úrræðum til að tryggja öryggi sitt.

Við fyrstu skýrslugjöf kæranda hjá lögreglu í apríl 2013 urðu þær breytingar á framburði kæranda þannig að hún sagði eiginmann sinn hafa slegið sig en ekki hótad sér. Einnig kom fram að hún væri snúin aftur á heimili sitt. Vegna þessa var rannsókn málsins hætt hvað varðaði ásakanir um illa meðferð og hótanir, en fram haldið hvað varðaði líkamlegt ofbeldi gegn kæranda. Eiginmaðurinn var sakfelldur fyrir ofbeldisbrot í október 2015 og gert að greiða sekt.

Þann 25. nóvember 2013 var lögreglan kölluð á heimili kæranda í þriðja sinn. Dyr inn í íbúðina höfðu verið brotnar upp og á gólfinu var mikið magn af áfengisflöskum. Engin merki voru um líkamlegt ofbeldi, hvorki gagnvart kæranda né syni hennar. Kærandi sagði að eiginmaður hennar hefði verið að drekka og þyrfti á læknishjálpi að halda. Farið var með eiginmanninn á sjúkrahús. Þegar hann sneri aftur heim, vopnaður hnífi, stakk hann kæranda nokkrum sinnum. Sonur þeirra lést þegar hann reyndi að stöðva árásina.

Í janúar 2015 var eiginmaður kæranda sakfelldur fyrir manndráp, tilraun til manndráps og illa meðferð gagnvart kæranda. Honum var gert að sæta lífstíðarfangelsi.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi brotið á rétti sínum samkvæmt 2. gr., 3. gr. og 14. gr. sáttmálans þar sem ítalska ríkið hefði ekki uppfyllt jákvæðar skyldur sínar til að vernda hana og ekki lagt fullnægjandi mat á hættu á því að hún sætti heimilisofbeldi.



## 2. gr. Réttur til lífs

### *Niðurstæða*

Um 2. gr.: Dómstóllinn tók fram að ítalska ríkinu bæri jákvæð skylda til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda líf einstaklinga í hættu. Þegar um væri að ræða heimilisofbeldi þyrfti að grípa til sérstakra ráðstafana og yrði að gefa endurteknu ofbeldi gegn fjölskyldumeðlimum sérstakan gaum. Talið var að yfirvöld hefðu átt að taka meira tillit til viðkvæmrar stöðu kæranda, svo sem með því að líta til andlegs og líkamlegs ástands hennar og veita henni viðeigandi stuðning. Tekið var fram að enda þótt rannsókn hefði verið hafin í kjölfar kæru kæranda hefði ekki verið haft samband við hana fyrr en sjö mánuðum eftir að hún bar kærana fram. Þó að kærandi hefði ekki orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á þessum tíma væri augljóst að hún hefði ekki talið sig örugga, enda hefði hún fengið hótanir í síma á meðan hún dvaldi utan heimilisins.

Dómstóllinn tók fram að þó að kærandi hefði dregið hluta af kæru sinni til baka hefði yfirvöldum engu að síður verið skylt að meta aðstæður hennar, einkum hættuna á því að hún sætti frekara líkamlegu ofbeldi. Var ekki fallist á rök ítalska ríkisins þess efnis að ekki hefði verið raunveruleg hættu á endurteknu ofbeldi. Dómstóllinn tók fram að lögreglan hefði komið tvisvar að heimili kæranda þann 25. nóvember 2013, en í hvorugt skipti reynt að veita kæranda viðeigandi vernd þrátt fyrir vitneskju um að hún hefði áður orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið gripið til nægjanlegra ráðstafana sem hefðu getað komið í veg fyrir þá atburðarás sem síðar varð. Var þar nefnt að lögreglan hefði getað kannað sakaskrá eiginmannsins og þar með átt að sig á að það stafaði sérstök hættu af honum á heimilinu. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að yfirvöld hefðu ekki gripið til viðeigandi ráðstafana sem hefðu getað komið í veg fyrir eða dregið úr hættu á brotum gagnvart lífi kæranda og sonar hennar. Hefðu jákvæðar skyldur ítalska ríkisins samkvæmt 2. gr. sáttmálans því ekki verið uppfylltar.

Um 3. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess að kærandi gæti flokkast sem einstaklingur í viðkvæmri stöðu og ætti því rétt á vernd frá yfirvöldum, einkum með hliðsjón af því ofbeldi sem hún hafði sætt. Talið var að ofbeldisbrot gagnvart kæranda væru nægjanlega alvarleg til að flokkast undir illa meðferð samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Vísað var til þess að samkvæmt samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi yrði að grípa til sérstakra ráðstafana vegna mála er varða slíkt ofbeldi. Tekið var fram að tafir hefðu orðið á málsmeðferð yfirvalda, enda þótt kærandi væri í slæmu andlegu ástandi og upplifði óöryggi innan heimilisins. Var ekki fallist á að réttmætar ástæður hefðu orsakað tafir, en rannsókn málsins hófst sjö mánuðum eftir að kæra barst og málsmeðferð fyrir dómi tók þrjú ár. Þessi galli á málsmeðferð fól jafnframt í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

Um 14. gr.: Dómstóllinn vísaði til eigin dómaframkvæmdar um heimilisofbeldi og mismunur gegn konum. Tekið var fram að alvarleiki ástandsins hvað þau mál varðar á Ítalíu væri greinilegur að teknu tilliti til skýrslu Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn konum sem unnin var í kjölfar heimsóknar til ríkisins árið 2012. Talið var að kærandi hefði sýnt fram á að heimilisofbeldi bitnaði fyrst og fremst á konum á Ítalíu og að heimilisofbeldi væri sýnt umburðarlyndi þar í landi. Vísað var til þess

## 2. gr. Réttur til lífs

---

að yfirvöld hefðu brotið gegn 2. og 3. gr. þar sem þau hefðu ekki veitt kæranda nægjanlega vernd vegna þess heimilisofbeldis sem hún sætti. Jafnframt var talið að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli kyns.

Ítalska ríkinu var gert að greiða kæranda 30.000 evrur í miskabætur.

### **Fernandes de Oliveira gegn Portúgal**

**Dómur frá 28. mars 2017**

**Mál nr. 78103/14**

### **2. gr. Réttur til lífs**

*Jákvæðar skyldur. Sjúkrahús. Andleg veikindi. Sjálfsvíg.*

#### **1. Málsatvik**

Sonur kæranda, Fernandes de Oliveira, hafði sjálfviljugur lagst inn á geðdeild á sjúkrahúsi eftir tilraun til sjálfsvígs í byrjun apríl 2000. Þann 27. apríl sama ár flúði hann af sjúkrahúsinu og stökk fyrir lest. Hann hafði áður verið lagður inn á sama sjúkrahús vegna andlegra veikinda sem höfðu farið versnandi vegna misnotkunar áfengis og vímuefna. Samkvæmt sjúkraskrá kæranda var starfsfólk sjúkrahússins sér meðvitað um að hann væri í sjálfsvígshættu.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans þar sem sjúkrahúsið hefði ekki tryggt öryggi sonar hennar með viðunandi hætti.

##### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn leit til sjúkraskýrslu sonar kæranda og þá sérstaklega til þess að hann hafði reynt sjálfsvíg þremur vikum áður en hann lést. Með hliðsjón af því var talið að starfsfólk sjúkrahússins hefði átt að geta séð fyrir að hann kynni að reyna sjálfsvíg á nýjan leik. Enn fremur hafði honum áður tekist að flýja af sjúkrahúsinu og mátti starfsfólkinu því vera ljós hætta á því að hann reyndi það aftur.

Dómstóllinn leit til þess að það væri orðið algengt að vista fólk með geðraskanir á opnum deildum. Það var þó ekki talið geta komið í veg fyrir skyldur ríkisins til að veita andlega veikum einstaklingum fullnægjandi vernd. Það þyrfti að vera jafnvægi á milli skyldna ríkisins samkvæmt 2. gr. sáttmálans og þeirra úrræða sem gripid væri til á opnum geðdeildum. Þyrfti sérstakt eftirlit að vera með einstaklingum í sjálfsvígshættu og væri ekki unnt að gera greinarmun á þeim sem dvöldu þar sjálfviljugir og þeim sem væru nauðungarvastaðir. Talið var að sjúkrahúsið bæri jafna ábyrgð á öllum sem dvöldust á deildinni þannig að þeir væru ekki sviptir réttindum sínum samkvæmt 2. gr. sáttmálans.

Tekið var fram að starfsfólk sjúkrahússins fylgdist með hvort sjúklingar mættu í matar- og lyfjatíma. Auk þess væri það skráð ef sjúklingar yfirgæfu sjúkrahúsið og væri lögregla og fjölskylda látin vita ef þeir fundust ekki á lóð spítalans. Í þessu tilviki hafði ekki spurst til sonar kæranda í þrjá klukkutíma þegar í ljós kom að

## 2. gr. Réttur til lífs

hann var horfinn. Neyðaráætlun hafði því ekki borið tilætlaðan árangur, en hættan á sjálfsvígi var aukin þar sem deildin var opin og spítalinn nálægt brautarpalli.

Dómstóllinn taldi í ljósi jákvæðra skyldna ríkisins til að tryggja öryggi þeirra sem eru í lífshættu, þar með talið einstaklinga í sjálfsvígshættu, að spítalinn hefði átt að grípa til frekari ráðstafana til að tryggja öryggi sonar kæranda og að hann gæti ekki yfirgefið spítalann. Var því talið að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans.

Portúgalska ríkinu var gert að greiða kæranda 25.000 evrur í miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans.

### **Huseynova gegn Aserbaísjan**

**Dómur frá 13. apríl 2017**

**Mál nr. 10653/10**

### **2. gr. Rétturinn til lífs**

*Jákvæðar skyldur. Rannsókn.*

#### **1. Málsatvik**

Eiginmaður kæranda, Elmar Huseynov, var þekktur sjálfstætt starfandi blaðamaður í Aserbaísjan. Í mars 2005 var hann skotinn til bana á leið heim úr vinnu. Málið var rannsakað hjá lögreglu og fengu tveir georgískir ríkisborgarar stöðu sakbornings en georgíska ríkið neitaði að framselja þá frá Georgíu til Aserbaísjan.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans þar sem eiginmaður hennar hefði verið myrtur af mönnum á vegum ríkisins og að rannsókn yfirvalda á málinu hefði hvorki verið árangursrík né fullnægjandi.

##### *Niðurstaða*

Mannréttindadómstóllinn taldi ekki hafið yfir skynsamlegan vafa að eiginmaður kæranda hefði verið myrtur af mönnum á vegum ríkisins eða að ríkið hefði með öðrum hætti staðið að baki morðinu. Að mati dómstólsins höfðu ekki legið fyrir sönnunargögn sem bentu til þess að yfirvöld hefðu vitað eða átt að vita að líf eiginmanns kæranda væri í yfirvofandi hættu þannig að þau hefðu brotið gegn jákvæðum skyldum sínum samkvæmt 2. gr. sáttmálans til að vernda rétt hans til lífs. Hvað varðar málsmeðferð yfirvalda tók dómstóllinn fram að bæði Georgía og Aserbaísjan væru aðilar að alþjóðasamningum á borð við Samning Evrópuráðsins um framsal sakamanna og Minsk-samninginn frá 1993, en samkvæmt þeim hefði átt að færa rannsókn málsins í hendur georgískra yfirvalda. Georgísk yfirvöld höfðu sérstaklega minnst á þann möguleika í svari sínu við framsalsbeiðninni en engin gögn lágu fyrir um að yfirvöld í Aserbaísjan hefðu kannað möguleika á slíku. Jafnvel þó að kæranda hefði verið veitt staða brotaþola í rannsókninni, höfnuðu yfirvöld ítrekað beiðni hennar um aðgang að málgögnum og vísuðu því til stuðnings til reglna landsréttar. Dómstóllinn taldi þetta óviðunandi og að kærandi hefði verið

## 2. gr. Réttur til lífs

---

svípt möguleika á að gæta lögmætra hagsmuna sinna. Að teknu tilliti til málsatvika í heild voru áskanir kæranda um að eiginmaður hennar hefði verið myrtur vegna starfa sinna sem blaðamaður ekki taldar ólíklegar. Blaðið sem eiginmaðurinn hafði rekið var sjálfstætt starfandi og þekkt fyrir að gagnrýna yfirvöld í Aserbaísjan harðlega. Yfirvöld höfðu truflað útgáfu og dreifingu blaðsins auk þess sem fjöldi dómsmála hafði verið höfðaður gegn eiginmanni kæranda. Dómstóllinn taldi ljóst að morðið gæti haft fælingaráhrif á aðra blaðamenn í landinu. Við slíkar aðstæður væri enn mikilvægara fyrir lögreglu að kanna af mikilli kostgæfni hvort morðið, sem virtist hafa verið vandlega skipulagt, gæti hafa tengst blaðamennsku hins látna. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að rannsókn ríkisins á atvikum málsins hefði hvorki verið fullnægjandi né árangursrík. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 20.000 evrur í miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans.

---

## 3. gr. Bann við pyndingum

---

**S.K. gegn Rússlandi**

**Dómur frá 14. febrúar 2017**

**Mál nr. 52722/15**

**2. gr. Réttur til lífs**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

***Bann við pyndingum. Brottvísun. Raunhæft réttarúrræði.***

### 1. Málsatvik

Kærandi er sýrlenskur ríkisborgari og fæddur árið 1986. Í febrúar 2013 var hann sakfelldur fyrir að hafa ekki farið frá Rússlandi eftir að vegabréfsáritun hans rann út og bar samkvæmt dómi að vísa honum úr landi. Í mars 2015 staðfesti æðsti dómstóll í Dagestan dóminn og var kærandi í kjölfarið fluttur í varðhald, en fyrir mælum dómstóla um brottvísun var ekki fylgt eftir á því stigi. Í maí 2015 sótti kærandi um tímabundið hæli. Umsókn hans var hafnað og áfrýjun á þeirri niðurstöðu var vísað frá dómi.

Þann 26. október og 12. nóvember 2015 ákvað Mannréttindadómstóllinn með vísan til reglu 39 í starfsreglum dómstólsins að beina því til rússneska ríkisins að ekki ætti að vísa kæranda frá Rússlandi á meðan mál hans væri til meðferðar hjá Mannréttindadómstólnum.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að brottvísun hans frá Rússlandi til Sýrlands fæli í sér brot á 2., 3. og 13. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstæða*

Um 2. og 3. gr.: Kvartanir kæranda voru nátengdar stríðsátökum í Sýrlandi, einkum í Aleppo sem var heimaborg hans. Dómstóllinn tók fram að miklar líkur væru á að kærandi yrði látinn gegna herskyldu ef hann sneri aftur til Sýrlands, en slíkt væri til þess fallið að stefna lífi hans í hættu. Öryggisaðstæður í Sýrlandi höfðu versnað til muna frá því að kærandi kom upphaflega til Rússlands. Bentu upplýsingar jafnframt til þess að þrátt fyrir undirritað friðarsamkomulag í febrúar 2016 beittu stríðsaðilar hernaðaraðferðum sem væru til þess fallnar að auka mjög mannfall meðal almennra borgara. Sömu upplýsingar bentu til mikilla og endurtekinna árasa sem beindust að almennum borgurum í Sýrlandi. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að brottvísun kæranda myndi fela í sér brot á 2. og 3. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn tók fram að haldi einstaklingur því fram að honum sé hætt við meðferð í andstöðu við 2. og 3. gr. sáttmálans vegna brottvísunar verði hann að hafa aðgang að réttarúrræði sem felur í sér sjálfkrafa og tímabundna frestun

### 3. gr. Bann við pyndingum

réttaráhrifa. Þetta réttarárræði verður jafnframt að vera háð sjálfstæðu eftirliti. Tekið var fram að hefðbundin áfrýjun feli í sér sjálfkrafa og tímabundna frestun réttaráhrifa dóms. Hafi kærandi því notið verndar gagnvart brottvísun þar til í mars 2015 þegar æðsti dómstóll í Dagestan staðfesti fyrrí ákvörðun um brottvísun.

Mannréttindadómstóllinn tók fram að þó að 13. gr. sáttmálans fæli ekki í sér skyldu aðildarríkja til að koma á frekari áfrýjunarleiðum í málum sem þessum, væri gert ráð fyrir möguleika á endurskoðun á lokaniðurstöðu dómstóls að rússneskum rétti. Hins vegar fæli þessi heimild ekki í sér sjálfkrafa frestun réttaráhrifa þar sem aðeins saksóknari gæti óskað eftir slíkri endurskoðun. Væri því ekki um að ræða raunhæft eða skilvirkt réttarárræði með hliðsjón af kærnum og kvörtunum sem byggðust á 2. og 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók jafnframt fram að 13. gr. sáttmálans gerði kröfu um vernd þegar til staðar væri raunveruleg hættu á meðferð í andstöðu við 2. og 3. gr. sáttmálans. Þegar kærandi var sakfelldur fyrir að hafa ekki farið frá Rússlandi eftir að vegabréfsáritun hans rann út höfðu dómstólar ekki annan möguleika en að mæla fyrir um brottvísun kæranda. Gátu rússneskir dómstólar því ekki lögum samkvæmt horft til rökstuðnings sem byggðist á 2. og 3. gr. sáttmálans þegar tekin var ákvörðun um brottvísun kæranda.

Undir venjulegum kringumstæðum myndi umsókn um hæli fela í sér sjálfkrafa, tímabundna frestun réttaráhrifa brottvísunar. Í máli kæranda hafði slíkri umsókn hins vegar verið hafnað. Dómstóllinn útilokaði ekki að málsmeðferð hælisumsókna gæti falið í sér fullnægjandi skoðun á hættu samkvæmt 2. og 3. gr. sáttmálans og tók fram að veiting tímabundins hælis fæli í sér tímabundna frestun réttaráhrifa brottvísunar. Í máli kæranda höfðu yfirvöld þó ákveðið, án frekari rökstuðnings, að ástandið í Sírylandi væri ekki slíkt að það réttlætti tímabundið hæli og höfðu byggt ákvörðun sína á þáttum sem uppfylltu ekki kröfur sáttmálans um sjálfstætt eftirlit.

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að meðferð í máli kæranda hefði ekki verið í samræmi við 13. gr. sáttmálans og að brotið hefði verið gegn ákvæðinu.

Rússneska ríkinu var gert að greiða kæranda 7.500 evrur í miskabætur, sbr. 41. gr. sáttmálans.

## V.K. gegn Rússlandi

Dómur frá 7. mars 2017

Mál nr. 68059/13

### 3. gr. Bann við pyndingum

*Ómannúðleg og vanvirðandi meðferð. Leikskóli. Tafir á rannsókn.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi hélt því fram að hann hefði mátt sæta illri meðferð af hálfu kennara sinna þegar hann var fjögurra ára nemandi í leikskóla. Hann hafði nokkrum sinnum verið læstur inni í dimmu baðherbergi og sagt að hann yrði étinn af rottum, verið þvingaður til að standa á gangi leikskólans í nærfötum einum klæða og með handleggi á lofti langtímum saman. Þá hafði verið bundið fyrir munn hans og hendur með límbandi. Jafnframt voru honum gefnir augndropar með valdi án

### 3. gr. Bann við pyndingum

samþykkis eða lyfseðils. Kæranda var sagt að ef hann kvartaði til foreldra sinna yrði honum refsað frekar.

Fyrir Mannréttindadómstólnum hélt kærandi því fram að rannsókn á meintum brotum starfsmanna leikskólans hefði ekki borið árangur í heimalandinu.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að sú illa meðferð sem hann hefði sætt í leikskóla fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans sem kveður á um bann við pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi nægjanlega leitt í ljós að starfsmenn leikskólans hefðu beitt kæranda þeirri meðferð sem hann kvartaði yfir. Litið var til mjög ungs aldurs kæranda þegar brotin voru framin og að þau hefðu átt sér stað yfir nokkurra vikna tímabil. Talið var ljóst að kærandi hefði þjáðst af áfallastreituröskun í mörg ár eftir þessa atburði. Einnig var litið til þess að kennaramir voru í valdastöðu gagnvart kæranda. Á þessum forsendum var talið að meðferðin væri nógu alvarleg til þess að teljast ómannúðleg og vanvirðandi líkt og kveðið er á um í 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók til skoðunar hvort ríkið bæri ábyrgð á gjörðum viðkomandi leikskólakennara. Um var að ræða opinberan leikskóla sem hafði mjög sterk stofnanaleg og efnahagsleg tengsl við ríkið. Einnig var sjálfraði leikskólans takmarkað af reglum og eftirliti ríkisins, auk þess sem rússnesk lög gerðu ráð fyrir ábyrgð ríkisins á háttsemi kennara sem starfa á leikskólum af þessu tagi. Var því talið að rússneska ríkið bæri ábyrgð á háttsemi kennaranna í garð kæranda og þeim brotum sem vörðuðu 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi einnig brotið gegn málsmeðferðarhluta 3. gr. þar sem mál, sem unnt hefði verið að höfða gegn viðkomandi kennurum, væri fyrnt vegna tafa sem rússnesk yfirvöld báru ábyrgð á.

Rússneska ríkinu var gert að greiða kæranda 25.000 evrur í miskabætur.

## **Illias og Ahmed gegn Ungverjalandi**

**Dómur frá 14. mars 2017**

**Mál nr. 47287/15**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgis**

***Útlendingar. Hælisleitendur. Frelsissvipting. Brottvísun. Rannsókn.***

### **1. Málsatvik**

Kærendur, sem eru ríkisborgarar Bangladesh, komu að landamærum Ungverjaland og Serbíu og sóttu um hæli í Ungverjalandi. Kærendum var gert að dvelja á 110 fermetra lokuðu svæði í 23 daga, en um biðsvæði (*transit zone*) var að ræða. Umsókn þeirra um hæli var því næst hafnað og þeim vísað aftur til Serbíu þáðan sem þeir höfðu komið.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### Kæran

Kærendur héldu því fram að þeir hefðu sætt ólögmatrí frelsissviptingu við ófullnægjandi aðstæður. Þá hefði brottvísun þeirra til Serbíu falið í sér hættu á að þeir sættu ómannúðlegri og niðurlægjandi meðferð. Töldu þeir að um brot á 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. sáttmálans væri að ræða.

### Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn leit til þess að kærendur höfðu verið í haldi í 23 daga á lokuðu 110 fermetra svæði. Þeim hafði verið úthlutað herbergi með fimm rúmum, en kærendur voru einu íbúarnir þar. Tekið var fram að Evrópunefndin gegn pyndingum hefði ekki gert athugasemdir hvað varðaði hreinlætisáðstæður á svæðinu í skýrslu sinni til ungverskra yfirvalda. Kærendur voru ekki í viðkvæmari stöðu en aðrir hælisleitendur sem dvöldu á svæðinu á sama tíma. Þegar lítið var til þess að varðhaldið var tiltölulega stutt og að aðstæður gátu ekki talist ómannúðlegar taldi dómstóllinn að ekki hefði verið um brot gegn 3. gr. að ræða.

Hvað varðar brottvísun kærenda til Serbíu tók dómstóllinn fram að ungversk yfirvöld hefðu kerfisbundið vísað hælisleitendum til ríkja sem voru að þeirra mati örugg. Í tilviki kærenda var ekki talið að yfirvöld hefðu lítið til þeirra gagna sem þeir lögðu fram um ástandið í Serbíu og að þung sönnunarbyrði hefði verið á þá lögð. Vegna mistaka hafði einn kærenda verið tekinn í viðtal þar sem túlkað var á dari og verið afhentur upplýsingabæklingur á dari, en kærandi talaði ekki það tungumál. Var því ekki talið að þessi kærandi hefði átt þess kost að taka virkan þátt í málsmeðferðinni, svo sem til að útskýra ástæður þess að hann hefði flúið heimaland sitt. Jafnframt var vísað til þess að kærendur væru ekki læsir en hefðu þó einungis verið veittar upplýsingar um málsmeðferð hælisumsókna með upplýsingabæklingi. Ennfremur var fundið að því að kærendur hefðu ekki fengið þýðingu á ákvörðun yfirvalda um synjun hælisumsóknar og brottvísun fyrr en tveimur mánuðum eftir að hún varð endanleg, en þá voru kærendur ekki lengur í Ungverjalandi. Hefðu kærendur því ekki getað nýtt réttarúræði í því skyni að forðast hættu á að seta ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð. Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans að þessu leyti.

Um 1. mgr. 5. gr.: Við mat á því hvort frelsissvipting kærenda félli innan 1. mgr. 5. gr. sáttmálans tók dómstóllinn fram að líta yrði til aðstæðna heildstætt. Væri til að mynda ekki fullnægjandi til þess að ekki væri um frelsissviptingu að ræða að vísa til þess að kærendur hefðu getað yfirgefið biðsvæðið. Lögð var áhersla á að kærendum hefði verið haldið í þrjár vikur á aflokuðu svæði. Þeir hefðu ekki valið að dvelja á þessum stað og því ekki unnt að halda fram að þeir hefðu samþykkt frelsissviptinguna. Ef kærendur hefðu yfirgefið svæðið þá hefðu þeir ekki getað haft nein áhrif á hælisumsókn sína. Að teknu tilliti til þessa taldi dómstóllinn að um frelsissviptingu hefði verið að ræða.

Dómstóllinn vísaði til þess að samkvæmt f-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans megi setja mann í gæslu sem reynir að komast ólöglega inn í landið. Við beitingu slíks úrræðis þurfi meðal annars að tryggja að ákvörðun um gæslu sé framkvæmd í góðri



### 3. gr. Bann við pyndingum

trú og til þess gerð að koma í veg fyrir ólöglega inngöngu í landið. Einnig þarf að hafa í huga að gæsla vari ekki í lengri tíma en þörf krefur. Tekið var fram að gæsla kæranda hefði staðið í 23 daga og að málsmeðferð hefði ekki farið fram samkvæmt kröfum sáttmálans. Hefðu kærendur verið sviptir frelsi án formlegrar ákvörðunar sem hefði byggst á umdeilanlegri túlkun á almennum reglum. Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Ungverska ríkinu var gert að greiða hvorum kæranda um sig 10.000 evrur í miskabætur.

#### **Zherdev gegn Úkraínu**

**Dómur frá 27. apríl 2017**

**Mál nr. 34015/07**

#### **3. gr. Bann við pyndingum**

***Yfirheyrsla. Vanvirðandi meðferð.***

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Artyom Leonidovich Zherdev, var yfirheyður á lögreglustöð í tengslum við morðrannsókn þegar hann var sextán ára gamall. Lögreglan tók fót hans til rannsóknar og var hann skilinn eftir í klefa á nærfötunum einum klæða í nokkrar klukkustundir og síðar settur í klefa með fullorðnum sakborningum.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærandi hélt því fram að hann hefði sætt ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans við yfirheyrslu og vistun á lögreglustöðinni.

##### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði verið handjárnaður, eingöngu klæddur nærfötum, á lögreglustöðinni í að minnsta kosti tvær klukkustundir. Talið var að yfirvöld hefðu haft gilda ástæðu til að fjarlægja fót kæranda í því skyni að leita sönnunargagna til stuðnings þátttöku hans í því refsiverða broti sem var til rannsóknar. Þó að engar sannanir lægju fyrir um að yfirvöld hefðu af ásetningi ætlað að niðurlægja kæranda tók dómstóllinn fram að hann hefði verið undir lögaldri. Þá hefðu engar skýringar verið gefnar á því af hverju honum voru ekki færð önnur fót fyrr en raun bar vitni eða hvers vegna hann hefði verið handjárnaður í þessu ástandi í um tvo og hálfan tíma. Dómstóllinn taldi að meðferð kæranda, í ljósi aðstæðna hans og þess að hann upplifði óvissu og varnarleysi, gæti ein og sér talist í andstöðu við 3. gr. sáttmálans. Þar að auki hefði kærandi verið settur í klefa með fullorðnum sakborningum í þrjá daga í trássi við úkraínsk lög. Hefði það enn aukið á ótta, angist og hjálparleysi kæranda. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að kærandi hefði sætt vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans og hefði lengd þess tíma sem hann sat í varðhaldi jafnframt falið í sér brot gegn ákvæðinu.

Kæranda voru dæmdar 8.000 evrur í miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans.

### 3. gr. Bann við pyndingum

---

**Matiošaitis o.fl. gegn Litháen**

**Dómur frá 25. maí 2017**

**Mál nr. 22662/13**

**3. gr. Bann við pyndingum**

***Fangar. Lífstíðarfangelsi. Möguleiki á endurskoðun.***

#### **1. Málsatvik**

Kærendur, sem voru sex talsins, höfðu allir verið dæmdir til að sæta lífstíðarfangelsi. Þeir töldu sig ekki eiga nokkra raunhæfa möguleika á að sleppa fyrir úr fangelsi samkvæmt litháenskri löggjöf.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærendur héldu því fram að aðstæður þeirra fælu í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans þar sem það væri ill meðferð að dæma einstaklinga til að sæta vist í fangelsi án vonar um lausn á einhverju stigi.

##### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn þurfti að skoða hvort refsingarnar væru þess eðlis að fangarnir ættu í reynd enga raunverulega möguleika á að losna fyrir úr fangelsi. Samkvæmt litháenskum lögum áttu fangar nokkra möguleika á því að vera sleppt fyrir úr fangelsi, svo sem ef þeir væru með ólæknandi sjúkdóm eða væru náðaðir. Þessi úrræði áttu almennt aðeins við um fanga sem dæmdir hefðu verið til tímabundinnar fangelsisvistar en ekki þá sem sætu í lífstíðarfangelsi. Dómstóllinn tók fram að stöðvun fangelsisvistar vegna ólæknandi sjúkdóms gæti ekki fallið undir möguleika á lausn í þeim skilningi sem um ræðir. Þá gæti náðun, eins og hún var skilgreind í litháenskum lögum, ekki talist úrræði sem gæfi föngum í lífstíðarfangelsi möguleika á að losna þaðan. Var í því sambandi litið til þess að ekki væru dæmi þess að fangar, sem hefðu verið sakfelldir fyrir mjög alvarleg brot, hlytu náðun. Þótt hægt væri samkvæmt litháenskum lögum að endurmeta lífstíðardóma og stytta þá að ákveðnu marki var talið einstaklega ólíklegt í ljósi framkvæmdarinnar að fallist yrði á slíkt.

Þá gætu fangar, sem sættu lífstíðarfangelsi, sótt um uppgjöf saka hjá forsetanum innan tiltekins tíma. Ákvörðun um uppgjöf saka væri tekin af forseta á grundvelli ráðgjafar sérstakrar nefndar sem leit til þess hvort áframhaldandi vistun fangans hvíldi á réttmætum refsifræðilegum sjónarmiðum. Þrátt fyrir þetta taldi dómstóllinn þetta ekki raunhæft úrræði fyrir kærendur. Var í því sambandi vísað til þess að hvorki forsetinn né nefndin þyrftu að gefa upp ástæður þess að beiðni um uppgjöf saka væri hafnað. Þá væri ekki hægt að bera ákvörðunina undir dómstól og gæti fanginn því ekki fengið hana endurskoðaða. Jafnframt væri vinna nefndarinnar ekki gagnsæ og álit hennar ekki bindandi fyrir forsetann. Að öllu þessu virtu væri úrræðið nokkurs konar náðun, byggð á miskunn, frekar en málsmeðferð sem snerist um endurskoðun á aðstæðum hvers fanga.

Dómstóllinn leit jafnframt til þess að aðstæður í fangelsinu þar sem

### 3. gr. Bann við pyndingum

---

Lífstíðarfangar væru vistaðir væru ekki til þess fallnar að stuðla að endurhæfingu þeirra. Hefði til að mynda nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum greint frá því að föngum væri haldið í 22,5 tíma á dag í klefa sínum og almennt haldið í einangrun með fámennum hópi.

Dómstóllinn tók fram að til þess að tryggja að í reynd væri litið til endurhæfingar fanga sem sættu lífstíðarfangelsi, þyrfti að vera til staðar úrræði sem fæli í sér endurskoðun þar sem upplýsingar væru veittar um röksemdir fyrir afstöðu yfirvalda eða möguleika á endurskoðun fyrir dómstólum. Slíku var ekki til að dreifa og var talið að sakaruppgjöf frá forseta veitti föngum í lífstíðarfangelsi ekki raunhæfa möguleika á lausn.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að kærendur ætti ekki raunverulega möguleika á því að lífstíðardómar þeirrar yrðu styttnir. Það var talið brjóta í bága við 3. gr. sáttmálans, en sú niðurstaða var talin fullnægjandi og ekki ástæða til að dæma kærendum miskabætur.

---

## 4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

---

**J o.fl. gegn Austurríki**

**Dómur frá 17. janúar 2017**

**Mál nr. 58216/12**

**4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu**

***Bann við nauðungarvinnu. Mansal. Jákvæðar skyldur.***

### 1. Málsatvik

Kærendur eru filippseyskir ríkisborgarar sem unnu sem þernur og barnfóstrur fyrir ýmsar fjölskyldur í Dubai. Í júlí 2010 fóru kærendur ásamt þáverandi vinnuveitendum sínum til austurrísku lögreglunnar og greindu frá meintu mansali og nauðungarvinnu sem þeir höfðu sætt hjá fyrrum vinnuveitendum sínum. Saksóknari ákvað að ljúka málinu án saksóknar á þeim grundvelli að hin meintu brot hefðu verið framin utan austurrískrar lögsögu af einstaklingum sem ekki voru austurrískir ríkisborgarar. Þessi ákvörðun saksóknara var síðar staðfest af dómstólum.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærendur töldu að austurríska ríkið hefði brugðist jákvæðum skyldum sínum samkvæmt 4. gr. sáttmálans þar sem yfirvöld hefðu ekki stutt kærendur sem mögulega þolendur mansals og ekki uppfyllt skyldu sína til að rannsaka hin meintu brot.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort austurrísk yfirvöld hefðu uppfyllt jákvæðar skyldur sínar til að greina og styðja fórnarlömb meints mansals. Talið var að yfirvöld hefðu komið fram við kærendur sem möguleg fórnarlömb mansals allt frá því að þeir lögðu fram kæru hjá lögreglu. Kærendur höfðu verið teknir í viðtal hjá sérhæfðum starfsmönnum og verið veitt tímabundið landvistar- og atvinnuleyfi til að aðlagja þá að austurrísku samfélagi. Þá hafði verið tryggt að ekki væri hægt að fá upplýsingar um staðsetningu þeirra í opinberum skrám. Á meðan mál kærenda var í vinnslu hlutu kærendur stuðning frá góðgerðarsamtökum sem voru fjármögnuð af ríkinu og þeim var jafnframt tryggð lögfræðiaðstoð. Dómstóllinn taldi að lög, reglur og stjórnýslufrákvæmd í Austurríki hvað varðar málefni þolenda mansals væri að þessu leyti fullnægjandi og að yfirvöld hefðu gripið til allra þeirra ráðstafana sem hægt væri að ætlast til af þeim.

Dómstóllinn tók jafnframt til skoðunar hvort austurrísk yfirvöld hefðu uppfyllt jákvæða skyldu sína til að rannsaka hið meinta mansal. Rannsókn hafði verið hafin í kjölfar kæru kærenda hjá lögreglu, en málið var fellt niður þar sem saksóknari taldi að vinnuveitendur kærenda hefðu ekki brotið lög innan austurríksks yfirráðasvæðis. Af hálfu saksóknara var vísað til þess að hin meintu brot hefðu verið framin á

#### 4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

---

erlendri grund, að sakborningar væru allir erlendir ríkisborgarar og að málið varðaði ekki austurríska hagsmuni. Ákvörðun um að fella málið niður var síðar staðfest af dómstólum í Austurríki með þeirri athugasemd að ekki væri ástæða til saksóknar ef rannsókn leiddi í ljós að líkur á sýknu og sakfellingu væru jafn miklar.

Mannréttindadómstóllinn fjallaði um hvort jákvæðar skyldur austurríska ríkisins leiddu til þess að yfirvöldum bæri að rannsaka og eftir atvikum að sækja menn til saka fyrir refsiverð brot sem framin væru á erlendri grund og hvort rannsóknin í máli kæranda hefði verið fullnægjandi. Ekki var talið að 4. gr. sáttmálans fæli í sér skyldu fyrir aðildarríki til að gera ráð fyrir allsherjarlögsögu í málum sem tengjast mansali á erlendri grund. Slíkt yrði ekki leitt af reglum Sameinuðu þjóðanna um takmörkun og refsingu mansals. Þá gerði sáttmáli Evrópuráðsins um varnir gegn mansali aðeins ráð fyrir skyldu aðildarríkja til að tryggja lögsögu yfir mansalsbrotum sem framin væru á yfirráðasvæði þeirra eða af eða gegn ríkisborgara viðkomandi ríkis. Samkvæmt þessu var ekki talið að austurríska ríkinu hefði borið skylda til að rannsaka meint brot gegn kærendum í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Dómstóllinn vísaði til þess að kærundur hefðu fengið tækifæri til þess að lýsa hinum meintu brotum fyrir sérþjálfuðum starfsmönnum og á þeim grundvelli hefðu yfirvöld ákveðið að ekki væri tilefni til saksóknar. Dómstóllinn tók fram að í ljósi fyrirbyggjandi gagna hefði niðurstaða um að hætta rannsókn og saksókn verið rökrétt. Tekið var fram að austurrísk yfirvöld hefðu getað haft samband við yfirvöld í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Aftur á móti var ekki ástæða til að ætla að slíkt hefði haft þýðingu þar sem ekki var í gildi samningur um gagnkvæma aðstoð í málum sem þessum á milli ríkjanna. Var talið að rannsókn austurrískra yfirvalda hefði samkvæmt þessu uppfyllt skilyrði 4. gr. sáttmálans.

Niðurstaða dómstólsins var sú að austurríska ríkið hefði ekki brotið gegn jákvæðum skyldum sínum samkvæmt 4. gr. sáttmálans.

---

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

---

**Muzamba Oyaw gegn Belgíu**

**Ákvörðun frá 4. apríl 2017**

**Mál nr. 23707/15**

**5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Útlendingar. Brottvísun. Frelsissvipting. Meðalhóf.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Muzamba Oyaw, sem er kongólskur ríkisborgari, var haldið í miðstöð fyrir ólöglega innflytjendur í Belgíu. Kærasta hans, sem er belgískur ríkisborgari, var á þeim tíma komin sjö mánuði á leið að barni þeirra en meðgangi gekk erfiðlega.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að vistun hans í miðstöð á vegum ríkisins hefði verið ólögleg og brotið gegn rétti hans til frelsis og mannhelgi samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Hann byggði einnig á því að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans þar sem mælt er fyrir um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

#### *Niðurstaða*

Um f-lið 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn tók til skoðunar hvort frelsissvipting kæranda hefði verið lögmæt á grundvelli f-liðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Fyrir lá að ástæða vistunar kæranda var ólögleg dvöl hans í landinu og tengd atriði. Þar sem Útlendingastofnun hafði ekki vitað af erfiðri meðgöngu kærustu kæranda þegar hann var settur í varðhald var ekki talið tilefni til að gagnrýna stofnunina fyrir að hafa ekki litið til þessa. Aftur á móti höfðu belgískir dómstólar endurskoðað lögmæti frelsissviptingar kæranda með hliðsjón af þeim kröfum sem leiða af 5. gr. sáttmálans að teknu tilliti til aðstæðna kæranda. Dómstóllinn lagði áherslu á að belgískir dómstólar hefðu litið til fjölskylduhaga kæranda og þess lögmæta markmiðs frelsissviptingar hans að hafa stjórn á komu útlendinga til landsins. Var fallist á það mat að nauðsyn hefði borið til að svipta kæranda frelsi þar sem raunveruleg hættu hefði verið á að hann fylgdi ekki skipun yfirvalda um brottvísun sem þegar hafði verið tekin. Ákærvaldið benti á að önnur úrræði hefðu ekki borið árangur, en kærandi hafði áður fengið brottflutningsskipanir sem hann hafði hunsað og lýst því yfir að hann vildi dveljast áfram í Belgíu. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að mat á nauðsyn brottvísunar kæranda hefði farið fram með fullnægjandi hætti. Jafnframt var litið til þess að frelsissvipting kæranda hefði

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

---

varað í tvo mánuði og níttján daga sem var innan heimilda laga. Taldi dómstóllinn að vistun kæranda hefði verið lögleg í merkingu 1. mgr. 5. gr. sáttmálans og að kærán væri ótæk til efnismeðferðar.

Um 8. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess að belgísk yfirvöld hefðu þegar viðurkennt með óbeinum hætti að kærandi, kærasta hans og barn þeirra, væru fjölskylda. Hefði það verið gert með því að sleppa kæranda þann dag sem kærasta hans fæddi barn þeirra. Talið var að vistun kæranda í miðstöð fyrir ólöglega innflytjendur meðan kærasta hans beið þess að fæða barn þeirra gæti talist takmörkun á rétti kæranda til fjölskyldulífs. Sú takmörkun byggðist á lögum og stefndi að lögmætu markmiði. Talið var að belgísk yfirvöld hefðu með réttu mátt telja hættu á að kærandi reyndi að komast hjá brottvísun og því talið vistun hans í miðstöðinni byggjast á samfélagslegri þörf. Tekið var fram að kærandi hefði vitað hver staða hans var gagnvart belgískri útlendingalöggjöf á þeim tíma sem kærasta hans gekk með barn þeirra og að líkur væri á truflun á fjölskyldulífi hans í Belgíu. Litið var til þess að kærasta kæranda hefði getað haft samband við hann meðan á vistun hans stóð og að honum hefði verið sleppt úr haldi þann dag sem barn þeirra fæddist. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að meðalhófs hefði verið gætt og að kæra um þetta atriði væri jafnframt ótæk til efnismeðferðar.

---

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

---

Lovrić gegn Króatíu

Dómur frá 4. apríl 2017

Mál nr. 38458/15

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

11. gr. Félagafrelsi

*Brottvikning úr félagi. Aðgangur að dómstólum. Félagafrelsi.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Zvonimir Lovrić, króatískur ríkisborgari, var meðlimur í veiðifélagi. Árið 2012 var tekin ákvörðun á félagsfundi um að reka hann úr félaginu. Kærandi höfðaði dómsmál á hendur félaginu og taldi að ranglega hefði verið staðið að brottvikningu hans úr félaginu. Málinu var vísað frá á þeim grundvelli að það félli utan lögsögu dómstóla.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem hann hefði ekki fengið ákvörðun um brottrekstur sinn úr veiðifélaginu endurskoðaða fyrir dómstólum.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans tryggi öllum rétt til að fá úrlausn dómstóla varðandi kröfur sem tengjast réttindum þeirra og skyldum. Sá réttur nær eingöngu til ágreinings um þau réttindi og þær skyldur sem innlend lög veita borgurinum, án tillits til þess hvort þau réttindi séu vernduð af sáttmálanum. Dómstóllinn tók fram að réttur til þess að vera meðlimur í samtökum væri borgaraleg réttindi, nátengd félagafrelsinu og ætti 1. mgr. 6. gr. við um mál sem snerust um brottrekstur úr samtökum. Það væri ljóst að meðferðin sem kærandi kvartaði undan snerist um raunverulegan ágreining um félagafrelsi hans, þ.e. frelsi hans til að vera áfram meðlimur í veiðifélaginu og að niðurstaða málsmeðferðarinnar hefði verið endanleg fyrir þau réttindi hans sem um ræddi. Meirihluti dómstólsins komst samkvæmt þessu að þeirri niðurstöðu að krafan væri meðferðarhæf.

Tekið var fram að með takmörkun á rétti kæranda til að leita réttar síns fyrir dómstólum væri stefnt að því markmiði að virða sjálfsákvörðunarrétt félaga. Frelsi félaga til að skipuleggja sjálf sín innri mál væri mikilvægur þáttur af félagafrelsinu sem nyti verndar 11. gr. sáttmálans. Félög yrðu að geta gripið til agaviðurlaga, svo sem að vísa félagsmönnum úr samtökunum. Þrátt fyrir þetta væri sjálfstæði félaga hvað varðar innra skipulag ekki algert og yrði að gera lágmarkskröfur til félaga hvað varðar brottrekstur meðlima. Takmarka mætti endurskoðunarvald dómstóla að



## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

ákveðnu marki í ljósi sjálfstæðis félaga. Kæranda hefði hins vegar með öllu verið neitað um aðgang að dómstólum. Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

### Van Wesenbeeck gegn Belgíu

Dómur frá 25. maí 2017

Mál nr. 67496/10 og 52936/12

### 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

*Rannsóknaraðferðir. Aðgangur að gögnum. Réttur til að spyrja vitni.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Van Wesenbeeck, var árið 2011 dæmdur í fangelsi fyrir þátttöku í alþjóðlegri skipulagðri brotastarfsemi. Gögn málsins, sem lögmaður kæranda hafði aðgang að, höfðu að geyma niðurstöður rannsóknar þar sem meðal annars voru notaðar tálbeitar.

Kærandi kvartaði undan því að brotið hefði verið gegn réttindum hans til að verjast í sakamáli þar sem honum hefði ekki staðið til boða að beina spurningum til viðkomandi einstaklinga og hefði hann jafnframt ekki fengið aðgang að tilteknum gögnum sem merkt voru sem trúnaðarmál og höfðu að geyma niðurstöður rannsóknar í málinu hvað þennan þátt varðar.

Samkvæmt belgískum lögum var ákærvaldinu heimilt, undir sérstökum kringumstæðum, að flokka viss gögn sem trúnaðarmál, þar með taldar skýrslur um framkvæmd sérstakra rannsóknaraðferða. Í þessu máli hafði ákærvaldið samþykkt notkun á tálbeitarum árið 2006. Rannsókn var haldið áfram árið 2008 með því að beita hefðbundnari aðferðum eins og símahlerun og húsleit. Árið 2010 var því slegið föstu af yfirvöldum að rannsóknin hefði verið lögmat og að ekki hefði þurft að veita aðgang að frekari gögnum en gert var.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið á réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem hann hefði ekki fengið aðgang að öllum gögnum málsins. Einnig taldi hann að brotið hefði verið gegn rétti hans til þess að spyrja vitni samkvæmt 3. mgr. 6. gr. þar sem hvorki hann né nokkur á hans vegum hefðu fengið að spyrja tálbeitarar.

##### *Niðurstaða*

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að samkvæmt belgískum lögum væri talið nauðsynlegt að halda vissum gögnum leyndum til þess að tryggja nafnleynd og öryggi tálbeita, auk þess sem markmiðið væri að halda þeim sérstöku aðferðum sem notaðar voru leyndum. Þá takmörkuðust þau gögn sem leynt áttu að fara við skjöl sem væru líkleg til að koma í veg fyrir að þessum markmiðum væri náð. Veita bar aðgang að öllum öðrum upplýsingum, svo sem um þær aðferðir

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

sem viðhafðar voru, ástæður þess að þeim var beitt og á hvaða stigi þær voru framkvæmdar. Samkvæmt belgískum lögum sá sjálfstæð nefnd um að endurskoða beitingu á ákveðnum rannsóknaraðferðum. Hún endurskoðaði einnig hvort veita skyldi aðgang að fleiri gögnum og þar af leiðandi óbeint hvort viss gögn ættu að fara leynt. Nefndin hafði komist að þeirri niðurstöðu að jafnvægi hefði verið á milli þeirra hagsmuna sem um ræddi, þ.e. réttar sakbornings til aðgangs að málgögnum og þarfar á að halda vissum gögnum leyndum.

Dómstóllinn taldi engin gögn liggja fyrir sem studdu ásakanir kæranda um að hann hefði verið blekktur til að fremja refsivert brot til þess að unnt væri að fangelsa hann. Þá hefði þetta verið metið og rannsakað við málsmeðferð belgískra dómstóla.

Að þessu virtu var talið að takmörkun á rétti kæranda til málsagna hefði verið réttlætanleg og að endurskoðun nefndarinnar væri fullnægjandi. Var því ekki talið að um brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans væri að ræða.

Um 1. og 3. mgr. 6. gr.: Hvað varðar athugasemdir kæranda um að geta ekki lagt spurningar fyrir tálbeitarar tók dómstóllinn fram að þeir gætu talist vitni í málinu. Bæri í því ljósi að stýðjast við viðmið sem áður hefði verið beitt í dómaframkvæmd. Í fyrsta lagi var litið til ástæðna þess að hvorki kærandi né aðrir fengu að spyrja tálbeitarar, en þær væru tengdar öryggi viðkomandi einstaklinga og mikilvægi þess að persóna þeirra færi leynt svo þeir gætu sinnt öðrum sambærilegum verkefnum. Talið var að finna mætti svör við öllum þeim spurningum sem verjendur kæranda vildu koma á framfæri í gögnum málsins. Að teknu tilliti til þessa var talið að um réttmætar ástæður væri að ræða. Í öðru lagi athugaði dómstóllinn hversu mikið vægi upplýsingar frá viðkomandi vitnum hefðu haft við sakfellingu kæranda. Ekki var talið að um megingrundvöll sakfellingar væri að ræða, en að upplýsingarnar hefðu haft þýðingu. Í þriðja lagi var metið hvort kærandi hefði átt möguleika á að fá ákvörðunina endurskoðaða. Talið var að fyrrgreind nefnd, sem endurskoðaði mál kæranda, hefði uppfyllt kröfur um sjálfstæði og óhlutdrægni. Nefndin hefði getað staðfest hverjir lögreglumennirnir voru og hve áreiðanlegir þeir væru með því að endurskoða hlut þeirra í rannsókninni. Sú endurskoðun hefði gefið kæranda tækifæri á að gagnrýna þær rannsóknaraðferðir sem beitt var auk þess sem hann hefði getað leitast við að rökstyðja að hann hefði verið blekktur til að fremja afbrot.

Dómstóllinn leit jafnframt til þess að synjun á því að kærandi fengi að leggja spurningar fyrir vitnin við meðferð málsins fyrir dómstólum hefði verið rökstudd ítarlega. Ekki var talið að belgískir dómstólar hefðu sýnt sérstaka varkárni þegar kom að mati á framburði tálbeitarar í ljósi þess að þeir höfðu ekki komið fyrir dóm. Aftur á móti taldi dómstóllinn að málsmeðferðin hefði tekið nægilegt tillit til þeirra erfiðleika sem verjendur kæranda glímdu við vegna fjarveru vitnanna. Hafði kæranda verið gert kleift að kalla til önnur vitni sem höfðu sum verið spurð um ásakanirnar gegn tálbeitaranum, auk þess sem unnt var að bera niðurstöður lögreglumannanna saman við sönnunargögn sem fengin voru með símahlerun og hútleit. Kærandi hafði því getað mótmælt öllum þeim sönnunargögnum sem tálbeitarar höfðu safnað meðan á rannsókn stóð. Samkvæmt þessu var ekki talið

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

---

að sú staðreynd að kærandi gat ekki lagt beinar spurningar fyrir vitnin fyrir dómi hefði leitt til þess að hann hefði ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 6. gr. sáttmálans.

**Zschüschen gegn Belgíu**

**Ákvörðun frá 2. maí 2017**

**Mál nr. 23572/07**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

***Þagnarréttur. Sönnunarbyrði. Ákæra.***

### 1. Málsatvik

Kærandi, Steve Zschüschen, er hollenskur ríkisborgari. Hann stofnaði bankareikning árið 2003 í Belgíu og voru 75.000 evrur lagðar inn á reikninginn á tveggja mánaða tímabili. Kærandi gat ekki gefið yfirvöldum fullnægjandi skýringar á því hvaðan peningarnir kæmu og var sakfelldur fyrir peningabætti. Kæranda var gert að greiða sekt sem nam 5000 evrum og var upphæðin á bankareikningi hans gerð upptæk. Samkvæmt belgískum lögum var unnt að sakfella fyrir peningabætti ef það teldist útilokað að peninga hefði verið aflað með löglegum hætti, enda þótt ekki væri sannað hvert hið refsiverða brot væri sem leiddi til öflunar peninganna.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 1. og 2. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem réttur hans til að neita að tjá sig hefði ekki verið virtur og hann ekki notið þess réttar að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð. Jafnframt hefði verið brotið gegn rétti kæranda til réttlátrar málsmeðferðar þar sem dómstólar hefðu ekki lýst með nákvæmum hætti því broti sem leiddi til ákæru fyrir peningabætti, auk þess sem ekki hefði tekist að sanna að peninganna hefði verið aflað með refsiverðum hætti. Kærandi vísaði einnig til þess að hann hefði ekki getað gert sér fyllilega grein fyrir því hvað hann hefði verið ákærður fyrir og væri það í andstöðu við 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Um 1. og 2. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að þær belgísku reglur sem reyndi á í málinu virtust falla vel að Samningi Evrópuráðsins um peningabætti. Samkvæmt þeim samningi var sakfelling fyrir peningabætti möguleg án þess að sanna þyrfti nákvæmlega hvert hið undirliggjandi brot væri. Hvað varðar meint brot gegn þagnarrétti kæranda tók dómstóllinn fram að kærandi hefði eingöngu tjáð sig í upphafi málsmeðferðarinnar og síðan tekið þá ákvörðun að tjá sig ekki frekar. Hann hafði ekki verið þvingaður til að tjá sig og þögn hans fól ekki í sér refsivert brot. Dómstóllinn horfði til þess að sekt kæranda var byggð á ýmsum sönnunargögnum og sú staðreynd að hann neitaði að tjá sig var eingöngu nýtt til stuðnings öðrum gögnum. Var því ekki um brot gegn þagnarrétti hans að ræða.

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Dómstóllinn leit til þess að kærandi hefði ekki leitast við að sanna ósannfærandi staðhæfingar sínar um hvaðan peningarnir væru komnir enda þótt honum hefði verið það í lófa lagið. Hefði belgíski dómstóllinn litið til þess og annarra sönnunargagna til stuðnings því að útilokað teldist að uppruni peninganna væri löglegur. Með hliðsjón af fyrirliggjandi sönnunargögnum taldi dómstóllinn þær ályktanir sem dregnar voru af því að kærandi neitaði að veita sannfærandi skýringar á uppruna peninganna byggjast á almennri skynsemi og ekki geta talist ósannngjarnar eða óraunhæfar. Hið sama var að segja um þá staðreynd að sönnunarbyrðin var færð yfir á kæranda. Samkvæmt þessu var ekki talið að kæra á grundvelli 1. og 2. mgr. 6. gr. sáttmálans væri tæk til efnismeðferðar.

Um a-lið 3. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess að kærandi hefði verið ákærður fyrir peningabætti. Hefði það verið fullnægjandi til að kærandi gæti gripið til varna að ákæra lýsti eingöngu þeim millifærslum sem taldar voru sýna fram á brot hans. Það var ekki talið leiða af a-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans að yfirvöldum væri skylt að greina frá hinu fyrra broti er bjó að baki, enda ekki ákært fyrir það brot. Var kæra á þessum grunni því einnig talin ótæk til efnismeðferðar.

### **Simeonovi gegn Búlgaríu**

**Dómur frá 12. maí 2017 – Yfirdeild**

**Mál nr. 21980/04**

### **6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

*Réttur til aðgangs að lögmanni. Yfirheyrsla. Þagnarréttur. Játning.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Lyuben Filipov Simeonovi, var handtekinn 3. október 1999 vegna gruns um þátttöku í alvarlegu refsiverðu broti. Í þá þrjá daga sem hann var í haldi lögreglu naut hann ekki aðstoðar lögmanns. Hinn 6. október 1999 var hann ákærður að lögmanni viðstöddum og neitaði þá að svara spurningum lögreglunnar. Kærandi var yfirheyrður með tvo lögmennt að eigin vali viðstadda 12. október, en neitaði enn að tjá sig. Hann var yfirheyrður á ný 21. október og voru lögmennt hans viðstaddir. Hann játaði þá að hafa framið það refsiverða brot sem honum var gefið að sök. Nokkrum mánuðum síðar dró hann játningu sína til baka og greindi með öðrum hætti frá því sem hefði gerst. Svo fór að kærandi var dæmdur til að sæta lífstíðarfangelsi.

Með dómi Mannréttindadómstólsins 20. október 2015 var komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 6. gr. sáttmálans þá þrjá daga sem hann var í haldi lögreglu og naut ekki aðgangs að lögmanni. Málinu var vísað til yfirdeildar Mannréttindadómstólsins 14. mars 2016 að beiðni kæranda.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn c-lið 3. mgr. og 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem hann hefði ekki notið aðstoðar lögmanns fyrstu þrjá dagana sem hann var í haldi lögreglu.

### *Niðurstaða*

Um c-lið 3. mgr. og 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn áréttaði að meginreglan væri sú að sakborningur skyldi fá aðstoð lögmanns þegar hann væri fyrst yfirheyrður hjá lögreglu, nema sérstakar og mikilvægur ástæður réttlættu takmörkun á þeim rétti. Tekið var fram að túlka yrði heimild til takmarkana þröngt þar sem brot á rétti til að njóta aðstoðar lögmanns gætu leitt til þess að sakborningur felldi á sig sök við yfirheyrslur hjá lögreglu. Kynni slíkt síðar að vera notað sem grundvöllur fyrir sakfellingu. Dómstóllinn tók fram að réttur kæranda til að njóta aðstoðar lögmanns hefði stofnast þegar hann var handtekinn vegna gruns um að hann hefði framið refsivert brot. Jafnvel þó að kærandi hefði ekki farið skýrlega fram á aðstoð lögmanns á meðan hann var í haldi lögreglu hefði hann ekki afsalað sér þeim réttindum. Talið var að lögreglan hefði brugðist skyldu sinni til að upplýsa kæranda um þennan rétt í kjölfar handtöku, en innlend lög hefðu ekki að geyma skýrar undantekningar frá rétti sakbornings til að njóta aðstoðar lögmanns.

Dómstóllinn taldi það hvíla á búlgarska ríkinu að sýna fram á að kærandi hefði þrátt fyrir þetta notið réttlátrar málsmeðferðar. Fallist var á að kærandi hefði tekið virkan þátt í málsmeðferðinni á öllum stigum. Hann hefði dregið upphaflegan framburð sinn til baka og greint með öðrum hætti frá málsatvikum, auk þess sem lögmenn hans hefðu safnað sönnunargögnum honum í hag og mótmælt þeim gögnum sem voru honum í óhag. Tekið var fram að sakfelling kæranda hefði ekki eingöngu byggst á játningu hans heldur einnig á öðrum sönnunargögnum sem dómstólar hefðu tekið rökstudda afstöðu til. Þá gaf ekkert til kynna að kærandi hefði verið yfirheyrður, formlega eða óformlega, á meðan hann var í haldi lögreglu og ekki hefði verið aflað sönnunargagna gegn honum á meðan hann var í haldi. Jafnframt útilokuðu búlgörsk lög að hægt væri að nota sönnunargögn gegn kæranda sem aflað hefði verið að lögmanni hans fjarstöddum. Þá hefði kærandi breytt framburði sínum um málsatvik og hefði framburður hans raunar verið óljós þegar hann leitaði til Mannréttindadómstólsins, en skýrst þegar málinu var vísað til yfirdeildar dómstólsins.

Dómstóllinn taldi viss atriði benda til þess að kærandi hefði sjálfviljugur játað að hafa framið það refsiverða brot sem um ræddi. Í fyrsta lagi hefði hann ekki tjáð sig í fyrstu tveimur yfirheyrslunum. Í öðru lagi hefði hann notið aðstoðar lögmanns og verið upplýstur um réttinn til þess að fella ekki sök á sig þegar hann játaði. Í þriðja lagi lá fyrir að það hefði ekki haft þýðingu fyrir málsmeðferðina hefði kærandi neitað að tjá sig. Hefði því raunar ekki á nokkru stigi verið haldið fram að tengsl væru milli þess að kærandi naut ekki lögmannsaðstoðar á fyrstu stigum og játningar hans tveimur vikum síðar í viðurvist lögmanns að hans vali. Var því ekki

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

talið að skortur kæranda á lögmannaðstoð hefði leitt til brots gegn rétti hans til að fella ekki á sig sök. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að kærandi hefði notið réttlátrar málsmeðferðar.

Kæranda voru þó dæmdar 8.000 evrur í miskabætur sbr. 41. gr. sáttmálans vegna brota gegn 3. gr. hans.

### Ramljak gegn Króatíu

Dómur frá 27. júní 2017

Mál nr. 5856/13

### 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi *Sjálfstæði og óhlutdrægni dómstóls. Vanhæfi dómara.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Milica Ramljak, er króatískur ríkisborgari. Hún er fædd 1962 og er búsett í Sinj í Króatíu. Kærandi hafði höfðað einkamál vegna tiltekins ágreinings og féllst undirréttur á kröfur hennar. Þeirri niðurstöðu var síðar snúið við á áfrýjunarstigi. Kærandi áfrýjaði þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar Króatíu. Hún byggði á því að hafa ekki notið réttlátrar málsmeðferðar þar sem einn dómaranna við áfrýjunardómstólinn var faðir lögfræðings sem starfaði á lögmannsstofu tveggja lögmanna sem sinnt höfðu hagsmunagæslu fyrir gagnaðila kæranda í umræddu einkamáli. Áfrýjun kæranda bar ekki árangur og var málinu vísað frá dómi.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi taldi brotið á rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 6. gr. sáttmálans, þar sem mál hennar hefði ekki hlotið skoðun óhlutdrægs dómstóls.

##### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að engin gögn lögju fyrir um persónulega óhlutdrægni þess dómara við áfrýjunardómstólinn sem um ræddi. Varð því að skoða málið frá almennu sjónarhorni og meta hvort ásakanir kæranda um hlutdrægni dómarans væru hlutlægt séð á rökum reistar. Talið var að eðli hinna persónulegu tengsla dómarans skiptu mestu máli við mat á því hvort réttmætur vafi um hæfi hans væri til staðar. Ekkert í gögnum máls benti til þess að dómarinn hefði ekki þekkt þá staðreynd að sonur hans starfaði á lögmannsstofu lögmanna gagnaðila kæranda. Enn fremur benti ekkert til þess að dómarinn hefði tilkynnt forseta áfrýjunardómstólsins um þessi tengsl. Hefði hann gert það hefði verið fjallað um hæfi hans til setu í málinu á fyrri stigum máls. Að mati dómstólsins leiddi sú staðreynd, að náinn fjölskyldumeðlimur dómarans átti í beinu vinnusambandi við lögmenn gagnaðila, til vafa um hlutlægni dómarans. Væri þar ekki afgerandi að sonurinn hefði ekki komið að vinnu við málið og væri undirmaður viðkomandi lögmanna.

Dómstóllinn tók fram að ómögulegt væri að slá föstu hver áhrif umrædds

dómara hefðu verið á niðurstöðu áfrýjunardómstólsins þar sem ákvörðun var tekin á lokuðum fundi. Þó var hægt að staðhæfa að dómariinn hefði haft mikil áhrif á niðurstöðu málsins, en hann var einn þriggja dómara sem kváðu upp dóminn. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans við meðferð málsins.

Króatíska ríkinu var gert að greiða kæranda 3.500 evrur í miskabætur, sbr. 41. gr. sáttmálans. Einn dómari skilaði séráliti.

---

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

**Paradiso og Campanelli gegn Ítalíu**  
**Dómur frá 24. janúar 2017 – Yfirdeild**  
**Mál nr. 25358/12**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**  
*Staðgöngumæðrun. Friðhelgi fjölskyldu. Svigrúm til mats.*  
*Almannahagsmunir.*

### 1. Málsatvik

Kærendur, Donatina Paradiso og Giovanni Campanelli, eru ítalskir ríkisborgarar og hjón. Þau eru fædd árin 1967 og 1955 og búsett í Colletorto á Ítalíu. Árið 2006 fengu kærendur ættleiðingarleyfi frá ítölskum yfirvöldum. Þau reyndu jafnframt án árangurs að eignast barn með tæknifrjóvgun. Að lokum ákváðu kærendur að nýta sér staðgöngumæðrun til þess að verða foreldrar. Þau höfðu samband við læknastofu í Moskvu sem sérhæfði sig í frjósemisaðgerðum og gerðu síðan samning um staðgöngumæðrun við rússneskt fyrirtæki. Í maí 2010 var tveimur fósturvísun komið fyrir í kviði staðgöngumóður í Rússlandi og fæddist barnið í febrúar 2011. Staðgöngumóðirin hafði gefið skriflegt leyfi fyrir því að barnið yrði skráð sem sonur kæranda. Hvergi var að finna tilvísun í staðgöngumæðrunina í fæðingarvottorði barnsins, en vottorðið var samþykkt í samræmi við viðeigandi ákvæði alþjóðlegra samninga um slík skjöl.

Kærendur óskuðu eftir því að ítölsk yfirvöld samþykktu fæðingarvottorðið í maí 2011. Yfirvöld neituðu því og hófu þess í stað rannsókn á meintum brotum kæranda á ættleiðingarlöggjöf Ítalíu, en kærendur höfðu komið með barnið til Ítalíu í andstöðu við ákvæði þeirra laga. Á sama tíma óskaði saksóknari eftir því að barnið yrði tekið af kærendum og sett í ættleiðingarferli, þar sem það hefði verið „yfirgefið“ í skilningi laga. Í ágúst 2011 leiddu DNA-rannsóknir í ljós að barnið var ekki líffræðilega tengt kærendum og í október sama ár ákvað dómstóll að barnið skyldi fjarlæggt úr umsjá þeirra. Öll samskipti milli kæranda og barnsins voru bönnuð. Í apríl 2013 komst annar dómstóll að þeirri niðurstöðu að lögmætt hefði verið að hafna skráningu rússneska fæðingarvottorðsins og fyrirskipaði að nýtt fæðingarvottorð yrði gefið út. Á því vottorði kom fram að barnið hefði fæðst án þess að foreldrar þess væru þekktir og var barninu jafnframt gefið nýtt nafn. Barnið var síðar ættleitt af ótengdu fólki.

Mannréttindadómstóllinn kvað upp dóm í málinu 27. janúar 2015 og var komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans þegar barnið var tekið af kærendum í október 2011. Í júní 2015 var málinu vísað til yfirdeildar Mannréttindadómstólsins að ósk ítalska ríkisins.



## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandur töldu að ítalska ríkið hefði brotið gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans með aðgerðum sínum.

### *Niðurstæða*

Dómstóllinn tók fram að aðgerðir ítalska ríkisins hefðu falið í sér takmörkun á einkalífi kæranda. Takmörkunin var í samræmi við lög og stefndi að þeim lögmætu markmiðum að varna glundroða og vernda réttindi annarra. Vísað var til þess að ítalskir dómstólar hefðu byggt ákvarðanir sínar á þeirri staðreynd að barnið skorti líffræðileg tengsl við kærndur og að kærndur hefðu brotið gegn ítalskri löggjöf um ættleiðingar og frjósemisaðstoð. Hefðu aðgerðir ítalskra yfirvalda stefnt að því markmiði að slíta samskipti kæranda við barnið og koma því í umsjá barnaverndaryfirvalda eins fljótt og auðið var.

Vísað var til þess að aðildarríki njóti mjög víðtæks svigrúms til mats þegar kemur að málefnum á borð við ættleiðingar, barnavernd og staðgöngumæðrun. Talið var að ítalskir dómstólar hefðu gefið þeirri staðreynd, að kærndur fóru ekki að settum lögum um ættleiðingar og sóttust eftir læknisfræðilegum lausnum sem bannaðar voru samkvæmt ítölskum lögum, mikið vægi í niðurstöðum sínum. Þeir hefðu aftur á móti hvorki fjallað með ítarlegum hætti um þá almannahagsmuni sem í húfi voru né þau viðkvæmu síðferðilegu álitamál sem lágu til grundvallar þeim lagaákvæðum sem kærndur brutu. Dómstólarnir hefðu einblínt á að stöðva án tafar hina ólöglegu stöðu sem upp var komin, þ.e. samband kæranda og barnsins, og töldu það þjóna hagsmunum barnsins. Þar sem barnið var mjög ungt og hafði varið tiltölulega stuttum tíma með kærndum töldu ítalskir dómstólar að áhrif aðskilnaðar væru aðeins tímabundin, en í sálfræðimati, sem kærndur höfðu lagt fram, var talið að aðskilnaður barnsins frá kærndum myndi hafa alvarleg og varanleg áhrif á líðan barnsins. Hvað hagsmuni kæranda af frekara sambandi við barnið varðaði, tóku ítölsku dómstólarnir fram að kærndur hefðu ekki lagt fram gögn því til sönnunar að þau hefðu veitt rússnesku læknastofunni erfðaefni sitt. Jafnframt væru kærndur mögulega að nota barnið til að fullnægja eigin þörfum fremur en að huga nægilega að hagsmunum barnsins sjálfs.

Mannréttindadómstóllinn tók fram að barnið væri ekki kærandi í málinu. Þá væri ekki unnt að líta á það sem meðlim fjölskyldu kæranda vegna skorts á líffræðilegum og lagalegum tengslum, sem og í ljósi þess stutta tíma sem barnið og kærndur höfðu búið saman. Þetta þýddi þó ekki að hagsmunir barnsins skiptu ekki máli og hefðu ítalskir dómstólar fengið það erfíða hlutverk að veða og meta hagsmuni kæranda af því að njóta áfram sambands við barnið á móti hagsmunum barnsins og samfélagsins af því að barnið væri í umsjón fjölskyldu í samræmi við gildandi lög.

Dómstóllinn tók fram að ekki hefði með beinum hætti verið fjallað um möguleg áhrif aðskilnaðar barnsins og kæranda. Þá hefði verið tekið takmarkað tillit til hagsmuna kæranda af frekara sambandi við barnið. Skoða yrði skort á rökstuðningi

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Í þeim efnum í tengslum við aðstæður málsins. Kærendur höfðu komið á ólögmaetu ástandi þegar þau komu með barnið til Ítalíu og allt frá því hafði barnið búið við varhugaverðar aðstæður. Dómsmálið sem að lokum leiddi til þess að barnið var tekið frá kærendum hafði af þeim sökum verið mjög brýnt og ítalskir dómstólar urðu að komast að niðurstöðu eins fljótt og audið var.

Dómstóllinn vanmat ekki þau miklu áhrif sem skyndileg og óafturkræf slit á sambandi kærenda og barnsins hlutu að hafa á einkalíf kærenda. Þó að sáttmálinn kvæði ekki sérstaklega á um rétt einstaklinga til að verða foreldrar gat dómstóllinn ekki hunsað tilfinningalega erfiðleika þeirra sem óskuðu þess að verða foreldrar þrátt fyrir líffræðilegan ómöguleika. Þeir almannahagsmunir sem lágu til grundvallar ákvarðanatöku í málinu voru þó taldir vega þyngra en hagsmunir kærenda. Hefði kærendum verið leyft að halda áfram sambandi sínu við barnið hefði það í raun falið í sér viðurkenningu á lögmati hegðunar þeirra. Talið var að ítölsku dómstólarnir hefðu hugað nægjanlega að hagsmunum barnsins og vegið og metið hina ólíku hagsmuni málsins innan þess svigrúms til mats sem aðildarríki hefðu. Niðurstaða dómstólsins var því sú að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Sex af fimmtán dómurum skiluðu séráliti.

### Kacper Nowakowski gegn Póllandi

Dómur frá 10. janúar 2017

Mál nr. 32407/13

### 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

*Jákvæðar skyldur. Friðhelgi fjölskyldu. Börn.*

#### 1. Málsatvik

Kærandinn, Kacper Nowakowski, er pólskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1976 og er bæði heyrnar- og mállaus. Hann gekk að eiga heyrnarlausa konu og árið 2006 eignuðust þau barn saman sem einnig var fatlað. Árið 2007 skildu hjónin og reis þá ágreiningur um forsjá barnsins. Dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að barnið skyldi búa hjá móður sinni, en kærandi mátti hitta barnið tvo klukkutíma á viku. Þegar barnið var fimm ára gamalt sótti kærandi um aukinn umgengnisrétt til að mynda sterkari tengsl við það. Þessari beiðni var hafnað af dómstólum á þeim grundvelli að aukin umgengni væri ekki til hagsbóta fyrir barnið sökum fötlunar þess og þeirrar staðreyndar að það var mjög háð móður sinni. Meðal annars var vísað til þess að kærandi tjáði sig aðallega með táknmáli en barnið munnlega. Yrði móðir barnsins því að taka virkan þátt í aukinni umgengni kærenda og barnsins.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi taldi að synjun dómstóla á beiðni hans um aukinn umgengnisrétt hefði falið í sér brot á friðhelgi fjölskyldulífs hans sem nýtur verndar 8. gr. sáttmálans.

### *Niðurstæða*

Mannréttindadómstóllinn tók til skoðunar hvort yfirvöld hefðu gert allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma á sambandi milli kæranda og barns hans. Við mat á réttmæti synjunar pólskra dómstóla á auknum umgengnisrétti bæri að horfa sérstaklega til tveggja þátta, þ.e. alvarleika ósættisins milli kæranda og fyrrum eiginkonu hans og alvarleika fötlunar kæranda og barns hans.

Dómstóllinn taldi að ósættið milli kæranda og fyrrum eiginkonu hans hefði vissulega gert störf innlendra dómstóla erfiðari, en að það gæti ekki leyst aðildarríki undan jákvæðum skyldum sínum samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þvert á móti væri skylt í málum sem þessum að reyna að koma á sátt milli aðila. Hefðu pólskir dómstólar aftur á móti ekki gert foreldrum barnsins að sækja fjölskyldumeðferð þrátt fyrir meðmæli sérfræðinga. Ekki væri að finna reglur um sáttameðferð vegna fjölskylduerja í pólskum rétti og hefðu dómstólar ekki skoðað möguleikann á öðrum leiðum til að koma á frekari samskiptum milli foreldranna.

Hvað varðaði fötlun kæranda og barns hans lagði dómstóllinn áherslu á að kærandi ætti rétt á að umgangast barn sitt og að taka hefði átt tillit til samskiptaörðugleika þeirra á milli við mat á slíkri umgengni. Lausn pólskra dómstóla hefði verið að blanda móður barnsins í málið þrátt fyrir ósætti milli hennar og kæranda, en kærandi hafði margoft kvartað yfir tálmun umgengni af hálfu móðurinnar. Var því talið ljóst að lausnir á samskiptavandamálum kæranda og barns hans, sem gerðu ráð fyrir virkri þátttöku móðurinnar, væru til þess fallnar að stefna umgengnisrétti hans í hættu. Talið var að pólskum dómstólum hefði borið að finna aðrar lausnir til að tryggja samskipti kæranda við barn sitt í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi voru.

Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Kæranda var með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 16.250 evrur í miskabætur.

### **Rubio Dosamantes gegn Spáni**

**Dómur frá 21. febrúar 2017**

**Mál nr. 20996/10**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Einkalíf. Opinber persóna. Almanahagsmunir. Einkahagsmunir.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Rubio Dosamantes, er fædd árið 1971 og er mexíkanskur ríkisborgari. Hún starfar sem poppsöngvari. Fjallað var um einkalíf kæranda í ýmsum sjónvarpsþáttum. Til að mynda var fjallað um kynhneigð hennar og stormasamt samband hennar við maka sinn, en hún var sögð hafa niðurlægt hann og hvatt hann til fíkniefnanotkunar. Kærandi taldi ummælin hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar og leitaði réttar síns fyrir dómstólum á Spáni. Þær málshöfðanir báru ekki árangur.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi taldi tiltekna umfjöllun um einkalíf hennar í sjónvarpsþáttum hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar sem nýtur verndar 8. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn vísaði til þess að spænskir dómstólar hefðu byggt niðurstöður sínar á því að kærandi væri frægur einstaklingur. Sú staðreynd að kærandi var þekkt persóna þýddi ekki, ein og sér, að umfjöllun um einkalíf hennar tengdist hagsmunum almennings. Ekki var talið að einhvers konar almannahagsmunir gætu réttlætt miðlun þeirrar umfjöllunar um einkalíf kæranda sem um ræddi. Tekið var fram að gestir og viðmælendur í sjónvarpsþáttunum hefðu jafnframt einungis rætt um einkalíf kæranda. Hagsmunir á borð við fjárhagslega hagsmuni viðkomandi sjónvarpsstöðva höfðu minna vægi en einkahagsmunir kæranda.

Dómstóllinn tók fram að undirdómstóll á Spáni hefði ekki talið ummæli í sjónvarpsþáttunum fela í sér brot á friðhelgi einkalífs kæranda þar sem þau vörðuðu þætti sem þegar hafði verið fjallað opinberlega um. Ekki var fallist á þetta og vísaði dómstóllinn til þess að jafnvel þótt kærandi hefði áður leyft umfjöllun um einkalíf sitt gæfi það ekki sjónvarpsstöðvum heimild til að fjalla án takmarkana um einkalíf hennar.

Tekið var fram að spænskir dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að fréttir um meinta sam- eða tvíkynhneigð kæranda hefðu ekki verið henni skaðlegar í þeim skilningi að orðspor hennar hefði ekki verið rýrt. Í ljósi nálægðar þeirra við samfélagið væru dómstólar að landsrétti oft í betri stöðu en alþjóðlegir dómstólar til þess að meta þýðingu ummæla og viðbrögð almennings við þeim. Á hinn bóginn taldi dómstóllinn ekki unnt að greina nokkra tilraun til heildarmats á þeim hagsmunum sem voru til skoðunar í málinu eða á nauðsyn þeirrar takmörkunar á friðhelgi einkalífs sem kærandi sætti í niðurstöðum hinna spænsku dómstóla. Væri þessi aðferðafræði spænskra dómstóla ekki til þess fallin að veita kæranda fullnægjandi vernd, en hún ætti réttmætar væntingar til þess að einkalíf hennar væri verndað. Samkvæmt þessu hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans, en engin krafa um skaðabætur var gerð.

**Irfan Güzel gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 7. febrúar 2017**

**Mál nr. 35285/08**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

***Símhleranir. Friðhelgi einkalífs. Raunhæft réttarúrræði.***

### **1. Málsvik**

Kærandi, Ifan Güzel, er tyrkneskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1971 og búsettur í Mardin í Tyrklandi. Kærandi var sóttur til saka fyrir refsiverð brot í Tyrklandi og fóru réttarhöld fram árin 2008 og 2009. Saksóknari í málinu byggði einkum á gögnum sem fengust við að hlera síma kæranda. Verjendur kæranda fengu aðgang að gögnum málsins, þar með talið afritum af hleruðum símtölum kæranda. Aftur á móti fengu þeir engar upplýsingar um þá dómsúrskurði sem leyft höfðu hleranir á síma kæranda. Meðan á réttarhöldum stóð var krafist skýringa á skorti á þessum upplýsingum, en skýringar voru ekki gefnar. Kærandi var sakfelldur fyrir þau brot sem hann var ákærður fyrir.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi taldi að hlerun á síma hans hefði verið ólögmat og brotið í bága við 8. gr. sáttmálans. Jafnframt taldi hann að brotið hefði verið gegn rétti hans til raunhæfra réttarúrræða samkvæmt 13. gr. sáttmálans.

#### ***Niðurstæða***

Um 8. gr.: Dómstóllinn féllst ekki á að kærandi hefði sætt ólögmatum símhlerunum. Tyrkneska ríkið lagði fram gögn sem sönnuðu að yfirvöld hefðu fengið dómsúrskurð sem heimilaði símhleranir. Dómstóllinn sem veitti heimildina hefði jafnframt talið fullnægjandi tilefni til símhlerana og var ekki talið að ákvörðun um slíkt hefði verið handahófskennd eða ónaudsynleg. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Meðan á réttarhöldum yfir kæranda stóð hafði hann reynt að byggja vörn sína á meintu ólögmati símhlerana. Tyrkneskir dómstólar höfðu aftur á móti hunsað allar fyrirspurnir kæranda sem tengdust þessum aðgerðum. Vísað var til þess að samkvæmt tyrkneskum rétti væri saksóknara skylt, í málum sem felld voru niður, að veita einstaklingi sem sætti rannsókn upplýsingar um rannsóknina og eyða öllum gögnum máls innan fjórtán daga. Í lögum kom hins vegar ekkert fram um slíka skyldu í málum sem færu fyrir dómstóla. Samkvæmt gögnum málsins fékk kærandi ekki á neinu stigi tilkynningu um að kveðinn hefði verið upp dómsúrskurður sem heimilaði hlerun á síma hans. Þá var í dómi tyrkneska dómstólsins sem sakfelldi kæranda hvergi vikið að þessum dómsúrskurði eða andmælum kæranda um lögmati símhlerana. Jafnframt var ekki vikið að fyrirspurnum kæranda um úrskurðinn. Ekki var talið að tyrkneska ríkinu hefði tekist að sýna fram á sambærileg mál þar sem

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

aðilar hefðu getað leitað upplýsinga um lögmæti símhlerana, sbr. 8. gr. sáttmálans, með afturvirkum hætti. Niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið gegn 13. og 8. gr. sáttmálans. Talið var að niðurstaða um brot væri fullnægjandi miskabætur, en kröfu um skaðabætur var vísað frá.

**R.L. o.fl. gegn Danmörku**

**Dómur frá 7. mars 2017**

**Mál nr. 52629/11**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Faðerni. Börn. Friðhelgi einkalífs. Almanahagsmunir. Meðalhóf.*

### 1. Málsatvik

Kærandur, sem voru hjón, eignuðust árið 2004 drenginn L og var eigenmaðurinn skráður faðir hans. Árið 2005 skildu þau en voru í skráðri sambúð þar til í júní 2006. Í október 2006 eignaðist konan annan dreng, S. Á þeim tíma bjuggu kærandur ekki lengur saman. Kærandur skiluðu til yfirvalda sameiginlegri yfirlýsingu um að þau myndu í sameiningu bera ábyrgð á S og var maðurinn því næst skráður faðir drengsins. Í október 2008 tilkynnti konan karlmanninum að annar maður, E, væri líffræðilegur faðir S og að öllum líkindum einnig líffræðilegur faðir L.

Kærandur lögðu fram formlega beiðni um að E yrði skráður faðir beggja drengjanna. Yfirvöld höfðu þeirri beiðni og var sú niðurstaða staðfest af dómstólum. Í kjölfarið fór karlmaðurinn í faðernispróf og niðurstöður þess voru að hann var hvorki faðir L né S. Kærandur fengu ekki leyfi til að áfrýja málinu til Hæstaréttar Danmerkur.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærandur töldu brotið gegn rétti sínum til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Karlmaðurinn hélt því fram að það væri réttur hans að vera ekki lengur skráður faðir drengjanna. Einnig töldu kærandur að brotið væri gegn rétti móðurinnar og drengjanna með afstöðu yfirvalda.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að beiðni kæranda um að breyta faðerni drengjanna hefði verið hafnað af dönskum dómstólum á þeim grundvelli að það stæðist ekki þarlenda barnalöggjöf. Nefnt var að karlmaðurinn hefði frá upphafi vitað að hann væri ekki líffræðilegur faðir S. Engu að síður hefði hann komið fram við báða drengina sem sína eigin og var L orðinn fimm ára og S tveggja ára þegar beiðni um breytingu á faðerni kom fram. Þá væri hætta á að drengirnir stæðu uppi föðurlausir ef breyting á faðerni hefði verið heimiluð. Dómstóllinn taldi því að ákvörðun um að leyfa ekki breytingu á skráðu faðerni hefði verið drengjunum í hag og að danskir dómstólar hefðu metið þá hagsmuni sem höfðu þýðingu.

Dómstóllinn tók undir þá afstöðu móðurinnar að það væri drengjunum í

hag að kynnast uppruna sínum og áréttaði að samkvæmt dómaframkvæmd ættu einstaklingar ríkan rétt til þess að fá upplýsingar um mikilvæga þætti í einkalífi sínu. Hins vegar voru fullyrðingar móðurinnar ekki í samræmi við þá hagsmuni sem danskir dómstólar höfðu byggt niðurstöður sínar á, en sérstaklega skipaðir talsmenn barnanna höfðu lagst gegn vefengingu faðernis. Þá taldi Mannréttindadómstóllinn ekki unnt að líta framhjá því að móðirin hefði ekki gripið til aðgerða hvað þetta varðaði fyrr en í nóvember 2008. Einnig lá fyrir að E hafði mótmælt því að skráðu faðerni yrði breytt og voru engin gögn til staðar sem bentu til þess að hann væri líffræðilegur faðir drengjanna. Dómstóllinn taldi því að jafnvægis hefði verið gætt hvað snerti hagsmuni kæranda, drengjanna og annarra sem málið varðaði með hliðsjón af þeim almannahagsmunum sem voru í húfi.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að ekki hefði verið um brot gegn 8. gr. sáttmálans að ræða.

## **A.M.V gegn Finnlandi**

**Dómur frá 23. mars 2017**

**Mál nr. 53251/13**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Búseta. Andleg fötlun. Sjálfsákvörðunarvald. Meðalhóf.*

### **1. Málsatvik**

Í júní 2009 fékk kærandi, sem var andlega fatlaður, skipaðan aðstoðarmann til þess að sjá um eignar- og fjárhagsmál sín. Hann var skipaður af héraðsdómara sem gaf honum einnig vald til að sjá um persónuleg málefni kæranda. Í kjölfarið leyfði aðstoðarmaðurinn kæranda ekki að flytja í afskekkt þorp í Finnlandi þar sem hann ætlaði að búa með fyrrum fósturforeldrum sínum. Byggði hann þessa ákvörðun á skýrslu frá sálfræðingi. Kærandi vildi af þessu tilefni skipta um aðstoðarmann en héraðsdómur synjaði þeirri beiðni.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi taldi brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem ekki hefði verið tekið mark á óskum hans um búsetu og menntun. Hann vísaði í því sambandi einnig til þess að ekki hefði verið orðið við ósk hans um að fá nýjan aðstoðarmann.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn taldi að takmörkun á rétti kæranda til einkalífs ætti sér stöð í lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að vernda heilsu hans í viðtækri merkingu. Kom þá til skoðunar hvort uppfyllt væri það skilyrði að nauðsyn hefði borið til umræddrar takmörkunar á friðhelgi einkalífs kæranda. Tekið var fram að ákvörðun aðstoðarmannsins um að leyfa honum ekki að flytja búferlum hefði

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

verið byggð á fyrirliggjandi gögnum um ástand kæranda, þar með talið skýrslu frá sálfræðingi þar sem fram kom að kærandi gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum þess að breyta búsetu sinni. Hefði aðstoðarmaðurinn því tekið ákvörðun sem hann taldi þjóna best hagsmunum kæranda. Talið var að finnsk yfirvöld hefðu gætt jafnvægis á milli sjálfsákvörðunarréttar og mannlegrar reisnar kæranda annars vegar og mikilvægis þess að tryggja öryggi hans sem einstaklings í viðkvæmri stöðu hins vegar. Dómstóllinn benti á að virk réttarúræði hefðu verið til staðar til þess að koma í veg fyrir að aðstoðarmaðurinn misbeitti valdi sínu. Þá hefði verið litið til vilja kæranda við matið og hann haft aðkomu að málinu á öllum stigum. Jafnframt var talið að meðalhófs hefði verið gætt og að til staðar hefðu verið virk réttarúræði til endurskoðunar.

Dómstóllinn taldi því að ákvörðun innlendra dómstóla hefði verið byggð á fullnægjandi rökum og að synjun á beiðni kæranda um að fá nýjan aðstoðarmann hefði uppfyllt kröfur 8. gr. um meðalhóf. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

### **Pihl gegn Svíþjóð**

**Ákvörðun frá 7. febrúar 2017**

**Mál nr. 74742/14**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**10. gr. Tjáningarfrelsi.**

*Meiðyrði. Ábyrgð á vefsíðum. Jákvæðar skyldur.*

### **1. Málsatvik**

Í september 2011 birtist birtist pistill á bloggsíðu í eigu samtaka þar sem kærandi var bendlaður við nasistaflokk. Daginn eftir birti nafnlaus aðili athugasemd við pistilinn þar sem kærandi var sakaður um að vera hasshaus. Að beiðni kæranda var pistillinn og athugasemdin fjarlægð og birt var afsökunarbeiðni. Kærandi kærði samtökin þar sem athugasemdin hefði ekki verið fjarlægð með skjótari hætti. Kæranni var vísað frá þar sem talið var að athugasemdin félli ekki innan gildissviðs þarlendrar reglna um ábyrgð á netspjallsvæðum. Kærandi lagði þá fram kæru til dómsmálaráðuneytisins þar sem hann taldi að ríkið hefði ekki uppfyllt jákvæðar skyldur sínar til að tryggja friðhelgi einkalífs hans. Þeirri kæru var einnig vísað frá.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi taldi brotið á réttindum sínum samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem sænsk löggjöf veitti einkalífi hans ekki fullnægjandi vernd gegn meiðyrðum.



### *Niðurstæða*

Dómstóllinn taldi að friðhelgi einkalífs kæranda, sem nyti verndar 8. gr. sáttmálans, hefði verið takmörkuð. Sú takmörkun var hins vegar talin réttlætlanleg með hliðsjón af 10. gr. sáttmálans um tjáningarfrelsi. Niðurstæða dómstólsins var byggð á ýmsum atriðum. Meðal annars var litið til þess að athugasemdin hefði ekki verið í neinum tengslum við efnisinnihald pistilsins. Þá var talið að enda þótt athugasemdin hefði verið móðgandi þá gæti hún ekki talist falla undir hatursorðræðu. Jafnframt voru samtökin, sem héldu úti bloggsíðunni, ekki vel þekkt og því ólíklegt að hinn almenni borgari hefði séð athugasemdina. Fyrir lá að samtökin fjarlægðu pistilinn daginn eftir að hann birtist. Það var talið geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir tjáningarfrelsi ef lítil samtök væru gerð ábyrg fyrir athugasemdum frá þriðja aðila. Dómstóllinn tók fram að ábyrgð þeirra sem héldu úti bloggsíðum væri skilgreind í innlendum lögum og að mál kæranda hefði verið tekið til skoðunar af bæði af innlendum dómstólum og dómsmálaráðuneytinu.

Niðurstæðan var því sú að málið væri ekki tækt til efnis meðferðar.

### **Gard o.fl. gegn Bretlandi**

**Ákvörðun frá 27. júní 2017**

**Mál nr. 39793/17**

**2. gr. Réttur til lífs**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

***Barn. Tilraunamedferð. Líknarmedferð. Réttur til lífs. Meðalhóf.***

### **1. Málsatvik**

Kærendur eru foreldrar ungbarnsins Charles Gard sem þjádíst af sjaldgæfum og banvænum erfðasjúkdómi. Í febrúar 2017 sóttist sjúkrahúsið, sem drengurinn var vistaður á, eftir úrskurði frá dómstólum um hvort löglegt væri að hætta öndunaraðstoð og setja barnið í líknarmedferð. Kærendur óskuðu mats sömu dómstóla á því hvort það væri barninu fyrir bestu að gangast undir tilraunamedferð í Bandaríkjunum.

Dómstólar í Bretlandi komust að þeirri niðurstöðu að það væri löglegt fyrir sjúkrahúsið að hefja líknandi meðferð þar sem líklegt væri að barnið myndi þjást að óþörfu án nokkurs raunhæfs möguleika á bata. Sami dómstóll taldi tilraunamedferðina í Bandaríkjunum einungis til þess fallna að framlengja þjáningar barnsins.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum**

#### ***Kæran***

Kærendur töldu að sjúkrahúsið hefði komið í veg fyrir lífsnauðsynlega meðferð barns þeirra í Bandaríkjunum og þar með brotið gegn 2. gr. sáttmálans. Þau töldu jafnframt að ákvörðun dómstóla hefði falið í sér ósanngjörn og íþyngjandi afskipti af rétti þeirra sem foreldra í andstöðu við 8. gr. sáttmálans.

### Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn tók fram að hann hefði í öðru nánar tilgreindu dómsmáli komist að þeirri niðurstöðu að aðildarríki hefði ekki brotið gegn 2. gr. sáttmálans þegar það setti reglur um aðgang að tilraunamedferðum. Slíkar reglur voru til staðar í Bretlandi og leiddu af tilskipunum Evrópusambandsins. Væri ekki hægt að túlka 2. gr. á þann veg að hún tryggði óheftan aðgang að tilraunamedferðum.

Dómstóllinn tók næst til skoðunar ákvörðun yfirvalda um að hætta öndunaraðstöð. Hann taldi þar skipta mestu hvort til staðar væru reglur um slíka ákvarðanatöku, hvort litid hefði verið til óska sjúklingsins, aðstandenda og lækna og hvort unnt væri að skjóta til dómstóla álitaefnum varðandi það hvað þjónaði best hagsmunum sjúklingsins. Dómstóllinn tók fram að í gildi væru reglur um málefnið að landsrétti. Jafnframt hefði verið litid til skoðana lækna. Ljóst var að barnið gat ekki tjáð óskir sínar, en dómstólar höfðu tryggt að kærendur sem forráðamenn barnsins hefðu átt möguleika á að gera grein fyrir afstöðu sinni. Skoðunum kærenda hafði verið gefið mikið vægi og þeim verið leyft að kalla til sérfræðinga málstað sínum til stuðnings. Áfrýjunardómstóll hafði einnig hlýtt á vitnisburð frá bandarískum lækni sem boðist hafði til þess að sjá um meðferð barnsins. Þá væri skylda að leita til dómstóla ef vafi væri til staðar og hefði sjúkrahúsið brugðist rétt við þegar það óskaði eftir úrskurði dómstóls um meðferð barnsins. Með hliðsjón af svigrúmi ríkisins til mats var kæra á grundvelli 2. gr. sáttmálans talin ótæk til efnismæðferðar.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að réttur kærenda til að njóta fjölskyldulífs með barni sínu hefði verið skertur. Þessi takmörkun hefði þó verið í samræmi við lög og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda heilsu manna, siðferði og réttindi barnsins. Við skoðun á því hvort takmörkunin hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi hafnaði dómstóllinn tveimur röksemdum kærenda. Kærendur héldu því fram að sjúkrahúsið hefði ekki átt að vísa spurningum um lækni meðferð barns þeirra til dómstóla. Dómstóllinn tók fram að samkvæmt fyrri dómaframkvæmd sinni hefði það verið rétt hjá sjúkrahúsinu að leita til dómstóla þegar álitaefni risu um meðferð barnsins. Þá héldu kærendur því fram að við mat á nauðsyn takmarkana á rétti þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans bæri að líta til möguleika á alvarlegum skaða en ekki til sjónarmiða um það hvað barninu væri fyrir bestu. Dómstóllinn tók fram að víðtæk samstaða væri um það, einnig samkvæmt alþjóðlegum rétti, að taka bæri ákvarðanir sem vörðuðu börn með hagsmunum þeirra að leiðarljósi. Þetta hefði þó ekki afgerandi þýðingu í málinu þar sem dómstólar hefðu einnig talið umrædda tilraunamedferð til þess fallna að valda barninu alvarlegum skaða.

Að mati dómstólsins höfðu breskir dómstólar sýnt nákvæmni við mat sitt og tryggt að allir aðilar máls fengju að tjá sjónarmið sín, auk þess sem sérfræðingar fengu að bera vitni í málinu. Tekið var fram að ákvörðunin hefði verið endurskoðuð á þremur dómstigum og rökstuðningur fyrir niðurstöðunni ávallt verið ítarlegur. Var því ekkert sem benti til þess að ákvörðun dómstóla hefði verið handahófskennd eða í andstöðu við meðalhóf. Af þeim sökum taldi dómstóllinn kæru byggða á 8. gr. sáttmálans ótæka til efnismæðferðar.

## **Bogomolova gegn Rússlandi**

**Dómur frá 20. júní 2017**

**Mál nr. 13812/09**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Myndbirting. Orðspor.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Tatyana Bogomolova, er rússneskur ríkisborgari. Hún er einstæð móðir, fædd 1978 og búsett í Berezniki í Rússlandi. Árið 2007 komst kærandi að því að mynd af syni hennar hafði verið notuð á forsíðu bæklinga sem bar heitið „Börn í leit að fjölskyldu“ án hennar leyfis. Bæklingurinn var gefinn út af miðstöð fyrir sálfræðilega, læknisfræðilega og félagslega aðstoð. Hún höfðaði mál gegn miðstöðinni og hélt því fram að heiður, virðing og orðspor sonar hennar hefði hlotið skaða vegna myndbirtingarinnar. Málinu var vísað frá dómi.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### **Kæran**

Kærandi hélt því fram að dómstólar hefðu ekki veitt friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs hennar og sonar hennar nægilega vernd og að það fæli í sér brot á 8. gr. sáttmálans.

##### **Niðurstaða**

Dómstóllinn tók fram að til þess að 8. gr. sáttmálans kæmi til skoðunar yrðu árásir á persónulegt orðspor einstaklings að vera nokkuð alvarlegar og þannig úr garði gerðar að þær sköðuðu friðhelgi einkalífs hans. Í því sambandi tók dómstóllinn fram að útlit einstaklinga væri stór hluti af persónuleika þeirra, enda væri það birtingarmynd persónueinkenna. Myndir af einstaklingum væru því mikilvægur þáttur einkalífs þeirra og ættu einstaklingar því rétt á að stjórna útgáfu og notkun mynda af sér.

Dómstóllinn taldi að birting ljósmyndarinnar hefði verið til þess fallin að skerða friðhelgi einkalífs kæranda og sonar hennar. Talið var skipta mestu hvort dómstólar í Rússlandi hefðu veitt umræddum réttindum nægilega vernd. Tekið var fram að undirdómstóll í Rússlandi hefði komist að þeirri niðurstöðu að myndin hefði verið tekin með leyfi kæranda án sérstakra takmarkana á notkun hennar. Þó hefði ekki verið skoðað hvort kærandi hefði veitt sérstakt leyfi fyrir notkun myndarinnar í bæklingi miðstöðvarinnar, en bæklingurinn virtist gefa til kynna að sonur kæranda væri munaðarlaus eða yfirgefinn. Útgefin mynd í slíku samhengi gæti auðveldlega haft áhrif á skoðun almennings á sambandi kæranda og sonar hennar. Á þessum forsendum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Rússneska ríkinu var gert að greiða kæranda 7.500 evrur í miskabætur, sbr. 41. gr. sáttmálans.

**Aycaguer gegn Frakklandi**

**Dómur frá 22. júní 2017**

**Mál nr. 8806/12**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Vernd persónuupplýsinga. Skylda til skráningar erfðæfnis. Svigrúm til mats.*

**1. Málsatvik**

Kærandi, JeanMichel Aycaguer, er franskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1959 og búsettur í Ossès í Frakklandi. Kærandi var sakfelldur fyrir að hafa slegið lögreglumann með regnhlíf á mótmælafundi stéttarfélags bænda og dæmdur til að sæta tveggja mánaða skilorðsbundnu fangelsi. Í kjölfar dómsins var kæranda gert að gangast undir rannsóknir til að unnt væri að skrá erfðæfni hans í sérstakt erfðæfnisgagnasafn. Gagnasafnið hafði að geyma erfðaupplýsingar einstaklinga sem höfðu verið dæmdir fyrir ákveðin refsiverð brot sem talin voru upp í lögum. Kærandi neitaði að skrá erfðæfni sitt í gagnasafnið og var því sektaður um 500 evrur.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum**

**Kæran**

Kærandi taldi skyldu til þess að skrá erfðæfni í sérstakan gagnabanka brjóta gegn friðhelgi einkalífs hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

**Niðurstaða**

Dómstóllinn tók fram að vernd persónuupplýsinga væri grundvallarþáttur í rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Því yrðu aðildarríki að tryggja að ákveðnar varnir gegn misnotkun persónuupplýsinga væru til staðar að landsrétti. Vísað var til þess að árið 2010 hefði Stjórnlagaráð Frakklands komist að þeirri niðurstöðu að löggjöfin sem heimilaði töku og geymslu erfðæfnis dæmdra manna væri í samræmi við stjórnarskrá ríkisins að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Þessi skilyrði lutu að því að beita yrði meðalhófi hvað varðar lengd þess tíma sem erfðæfni væri geymt. Að mati dómstólsins hafði franska ríkið ekki gert raunverulegar ráðstafanir til þess að koma til móts við þetta skilyrði. Samkvæmt frönskum hegningarlögum og tengdri löggjöf var ekki heimilt að geyma erfðæfni lengur en í 40 ár. Þessi hámarkstími var hins vegar meginreglan í framkvæmd og hafði alvarleiki brots ekki þýðingu við ákvörðun um geymslutíma. Erfðæfni einstaklinga sem dæmdir voru fyrir einstaklega alvarleg refsiverð brot á borð við hryðjuverk, nauðgun og morð var því geymt að jafnaði í jafn langan tíma og erfðæfni þeirra sem dæmdir voru fyrir vægari brot líkt og í tilviki kæranda.

Í ljósi þessa komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að gengið hefði verið lengra við takmörkun á friðhelgi einkalífs kæranda en heimilt væri að teknu tilliti til svigrúms franska ríkisins til mats. Hefði því verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Franska ríkinu var gert að greiða kæranda 3.000 evrur í miskabætur, sbr. 41. gr. sáttmálans.

## **Jankauskas gegn Litháen**

**Dómur frá 27. júní 2017**

**Mál nr. 50446/09**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Takmörkun á rétti til að velja starf. Lögmenn. Hagsmunamat.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Ramūnas Jankauskas, er litháenskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1972 og búsettur í Pakruojis í Litháen. Kærandi er fyrrverandi rannsóknarlögregluamaður. Árið 2000 var hann sakfelldur fyrir brot í starfi, en hann hafði þegið mútur fyrir að hætta rannsókn ákveðinna brota. Hann var dæmdur til fangelsisvistar og bannað að sinna löggæslu eða skyldum störfum í fimm ár.

Árið 2007 lauk kærandi afplánun refsingar sinnar. Þá ritaði hann bréf til litháenska lögmannafélagsins og óskaði eftir samþykki fyrir því að fá að starfa sem lögmaður í þjálfun. Lögmannafélagið samþykkti beiðni kæranda. Síðar fékk lögmannafélagið upplýsingar um þau refsiverðu brot sem kærandi hafði verið sakfelldur fyrir, en hann hafði ekki getið þeirra í umsókn sinni. Lögmannafélagið taldi þetta brjóta gegn siðareglum lögmanna og svipti kæranda rétti til þess að vera lögmaður í þjálfun. Kærandi leitaði endurskoðunar þessarar ákvörðunar en ekki var fallist á röksemdir hans.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærandi taldi ákvörðun lögmannafélagsins um að heimila honum ekki að starfa sem lögmaður í þjálfun brjóta gegn friðhelgi einkalífs hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

##### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn tók fram að friðhelgi einkalífs geti einnig tekið til athafna sem varða starf einstaklings. Takmarkanir á skráningu einstaklinga í ákveðnar starfsstéttir geti haft áhrif á möguleika þeirra til að þróa og móta viðskiptasambönd og falli slíkar takmarkanir því undir 8. gr. sáttmálans. Vísað var til þess að kærandi hefði lokið laganámi árið 1991 og starfað sem rannsóknarlögregluamaður allt til þess tíma að hann var sakfelldur. Að lokinni afplánun hefði hann starfað sem lögmaður í þjálfun í tíu mánuði. Í ljósi menntunar og fyrri starfsreynslu kæranda þótti dómstólnum ljóst að ákvörðun litháenskra yfirvalda um að taka hann af lista yfir lögmenn í þjálfun hefði haft áhrif á möguleika hans til að stunda það starf sem hann sóttist eftir, en það fæli í sér takmörkun á friðhelgi einkalífs hans.

Við mat á lögmæti takmörkunarinnar tók dómstóllinn fram að hún ætti sér stöð í lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að vernda réttindi annarra. Hvað varðar nauðsyn takmörkunarinnar í lýðræðissamfélagi lagði dómstóllinn áherslu á mikilvægi lögmanna í réttarkerfinu og þörf á því að almenningur gæti treyst lögmannaástéttinni. Talið var að lögmenn yrðu sökum stöðu sinnar að fylgja

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

ákveðnum reglum og haga sér á ákveðinn hátt til þess að njóta trausts almennings. Dómstóllinn tók einnig fram að allar kærumeðferðir fælu í sér einhverjar afleiðingar fyrir einkalíf sakbornings og fælu þær ekki í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans að því gefnu að þær væru ekki óhóflegar eða handahófskenndar.

Dómstólar í Litháen höfðu komist að þeirri niðurstöðu að kærandi uppfyllti ekki siðferðilegar kröfur til að starfa sem lögmaður. Vísað var til þess að kærandi hefði verið dæmdur fyrir refsiverð brot sem framin voru í nánnum tengslum við störf hans í löggæslu. Mannréttindadómstóllinn taldi að í ljósi eðlis brota kæranda stæðu rök til þeirrar niðurstöðu litháenskra dómstóla að honum væri óheimilt að starfa sem lögmaður innan réttarkerfisins. Þá hefði niðurstaða litháenskra dómstóla ekki einungis verið byggð á fyrri sakfellingu kæranda. Jafnframt hefði verið bent á að hluti af skyldum lögmanna væri að vera hreinskilnir og samstarfsfúsir gagnvart lögmannafélaginu. Talið var að sú staðreynd, að kærandi hafði ekki minnst á sakfellingu sína í umsókn sinni til lögmannafélagsins, sýndi að hann sinnti ekki þessum skyldum.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að litháenskir dómstólar hefðu náð jafnvægi milli einka- og almannahagsmuna við mat sitt og að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

---

## 9. gr. Skoðana- og trúfrelsi

---

**Osmanoğlu og Kocabaş gegn Sviss**

**Dómur frá 10. janúar 2017**

**Mál nr. 29086/12**

**9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi.**

***Trúfrelsi. Börn. Meðalhóf. Svigrúm til mats.***

### 1. Málsvik

Kærendur, Aziz Osmanoğlu og Sehabat Kocabaş eru svissneskir ríkisborgarar af tyrknesku bergi brotin. Þau eru múslimar og búsett í Basel í Sviss. Kærendur óskuðu eftir því að dætur þeirra fengju undanþágu frá sundkennslu í barnaskóla á grundvelli trúarskoðana, en bæði drengjum og telpum var kennt sund saman og braut það að mati kæranda gegn íslamstrú. Samkvæmt svissneskum lögum gátu nemendur ekki fengið undanþágu frá sundkennslu fyrr en á kynþroskaskeiði og var beiðni kæranda því hafnað. Þrátt fyrir þessa ákvörðun neituðu kærendur að senda dætur sínar í sundkennslu og voru þau sektuð um 1.400 svissneska franka.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærendur töldu að synjun á beiðni þeirra um undanþágu dætra sinna frá sundkennslu vegna trúar fæli í sér brot á hugsana-, samvisku- og trúfrelsi þeirra samkvæmt 9. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að með synjun á undanþágu hefði réttur kæranda til trúfrelsis verið takmarkaður, en þau ættu sem foreldrar rétt á að sjá um trúarlega menntun dætra sinna. Takmörkunin átti sér stoð í lögum og stefndi að lögmætu markmiði, þ.e. menntun, jafnræði kynjanna og aðlögun barna með ólíkan bakgrunn hvert að öðru. Við mat á því hvort meðalhófs hefði verið gætt tók dómstóllinn fram að aðildarríkin nytu umtalsverðs svigrúms til mats þegar kæmi að samspili menntunar barna og trúmála.

Dómstóllinn tók fram að þó að aðildarríki væru skuldbundin til að miðla upplýsingum og þekkingu í skólum á hlutlægan og gagnrýninn hátt hefðu þau svigrúm til að móta námskrár með tilliti til þarfa sinna og hefða. Þó svo að foreldrar hefðu umtalsvert ákvörðunarvald þegar kæmi að menntun barna þeirra gætu þeir ekki neytt aðildarríki til að kenna ákveðið efni á ákveðinn hátt með vísan til ákvæða sáttmálans. Tekið var fram að skóli og menntun hefðu mikilvægu hlutverki að gegna í félagslegri aðlögun barna og þá sérstaklega í tilviki barna af erlendum uppruna. Í ljósi þessa væri aðeins unnt að réttlæta undanþágu frá ákveðnum þáttum skólaskyldu í sérstökum og afmörkuðum tilvikum. Undanþágur yrðu jafnframt að taka tillit til allra, til að mynda allra trúarhópa. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn

## 9. gr. Skoðana- og trúfrelsi

---

að félagsleg aðlögun barna að samfélaginu og menntun þeirra hefði ríkara vægi en óskir kæranda um að dætur þeirra fengju undanþágu frá sundkennslu þar sem báðum kynjum var kennt saman. Staðhæfingar kæranda um að aðrir trúarhópar hefðu fengið sambærilega undanþágu voru taldar ósannaðar.

Dómstóllinn féllst ekki á að sundkennsla félli utan námskrár þar sem kærændur voru búsett og tók fram að virða bæri sérstakt eðli stjórnkerfisins í Sviss að því gefnu að það samrýmdist ákvæðum sáttmálans. Mótun námskrár væri í höndum ríkja og sveitarfélaga samkvæmt því kerfi sem væri í lýði í Sviss. Þá var lögð áhersla á að sundkennsla samkvæmt námskrá stefndi ekki eingöngu að því að þjálfra getu barna í sundi heldur væri markmiðið jafnframt það að gefa þeim kost á sameiginlegri athöfn án tillits til uppruna, kynþáttar, kyns eða trúar. Röksemdum kæranda um að þau gætu látið dætur sínar læra sund í sérstakri einkakennslu utan skóla var hafnað með vísan til þess að slíkt væri til þess fallið að mismuna foreldrum á grundvelli efnahags og væri ósamrýmanlegt skólaskyldu. Dómstóllinn tók einnig sérstaklega fram að svissnesk yfirvöld hefðu verið mjög sveigjanleg í samskiptum við kærændur og meðal annars lagt til að dætur þeirra gætu klæðst sundbúrkum við sundkennsluna.

Dómstóllinn taldi að sekt sem kærendum var gert að sæta hefði verið hófleg með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt var að. Tekið var fram að kærændur hefðu fengið ítrekaðar viðvaranir áður en gripið var til álagningar sekta.

Komist var að þeirri niðurstöðu að svissneskir dómstólar hefðu framkvæmt fullnægjandi mat á hagsmunum og ekki farið út fyrir svigrúm ríkisins til mats með því að gefa hagsmunum barnanna meira vægi en hagsmunum foreldranna. Samkvæmt þessu var ekki talið að brotið hefði verið gegn 9. gr. sáttmálans.



---

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

---

**Jankovskis gegn Litháen**

**Dómur frá 17. janúar 2017**

**Mál nr. 21575/08**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

***Réttur til aðgangs að upplýsingum. Fangi. Meðalhóf.***

### 1. Málsvik

Kærandi, Henrikas Jankovskis, er fæddur árið 1961 og er fangi í Litháen. Meðan á fangelsisvist hans stóð var honum neitað um aðgang að vefsíðu sem rekin var af litháenska menntamálaráðuneytinu þar sem finna mátti ýmsar upplýsingar sem tengdust menntunarmöguleikum.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að yfirvöld hefðu brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans þegar þau neitustu honum um aðgang að vefsíðu menntamálaráðuneytisins.

#### *Niðurstaða*

Mannréttindadómstóllinn tók fram að eðli málsins samkvæmt fæli fangelsun kæranda í sér frelsisskerðingu og takmörkun á samskiptum og aðgangi að ýmsum upplýsingum. Væri ekki unnt að túlka 10. gr. sáttmálans á þann veg að ákvæðið legði almenna skyldu á aðildarríkin til þess að veita föngum aðgang að internetinu eða sérstökum vefsíðum. Aftur á móti yrði að horfa til þess að litháenska ríkið leyfði aðgang að menntunarefni samkvæmt þarlandum lögum. Synjun um aðgang að umræddri vefsíðu menntamálaráðuneytisins var því talin fela í sér takmörkun á rétti kæranda til að fá aðgang að upplýsingum. Þessi takmörkun byggðist á lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að vernda réttindi annarra og að koma í veg fyrir glundroða og glæpi.

Tekið var fram að vefsíðan hefði að geyma upplýsingar um menntun og námsleiðir í Litháen sem væru uppfærðar í samræmi við breytilegar kröfur hvers námsárs. Það væri því ekki órökrétt að ætla að slíkar upplýsingar væru kæranda nauðsynlegar ef hann ætlaði að afla sér menntunar. Slík menntun væri jafnframt til þess fallin að styðja kæranda og hjálpa honum að aðlagast samfélaginu á ný. Við ákvörðun um synjun höfðu litháensk yfirvöld einblínt á þá staðreynd að lög bönnuðu aðgang fanga að internetinu. Dómstóllinn taldi að yfirvöld hefðu frekar átt að horfa til rökstuddnings kæranda fyrir nauðsyn aðgangs að umræddri vefsíðu vegna menntunar hans. Vísað var til þess að internetið skipti miklu máli þegar kemur að upplýsingaöflun almennings, einkum þar sem sumar upplýsingar er einungis hægt að nálgast þar. Þá höfðu yfirvöld ekki kannað þann möguleika að veita kæranda

takmarkaðan aðgang að internetinu undir gæslu, en það hefði að mati dómstólsins ekki falið í sér öryggishættu.

Dómstóllinn taldi að rökstuðningur litháenska ríkisins fyrir synjun um aðgang kæranda að umræddri vefsíðu væri ekki fullnægjandi til að réttlæta takmörkun á rétti hans til að taka á móti upplýsingum samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að niðurstaða hans um brot gegn 10. gr. fæli í sér sanngjarnar bætur í skilningi 41. gr. sáttmálans.

### **Selmani o.fl. gegn Makedóníu**

**Dómur frá 9. febrúar 2017**

**Mál nr. 67259/14**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

*Fjölmiðlar. Þingmenn. Þjóðfélagsumræða.*

#### **1. Málsatvik**

Kærendur eru allir makedónískir ríkisborgarar og búsettir í Skopje í Makedóníu. Þeir starfa allir sem blaðamenn. Kærendur voru að fylgjast með umræðum á þingi þegar nokkrir þingmenn hófu slagsmál í þingsal. Þegar kærendur neituðu að yfirgefa þingsalinn voru þeir fjarlægðir með valdi. Stjórnlagadómstóll Makedóníu taldi að öryggisstarfsmenn hefðu þurft að fjarlægja blaðamennina með valdi til þess að vernda þá sjálfa. Komist var að þeirri niðurstöðu án þess að munnlegur málflutningur færi fram fyrir dómstólum.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærendur töldu þá ákvörðun að viðhafa ekki munnlegan málflutning í máli þeirra brjóta gegn 6. gr. sáttmálans. Þeir töldu einnig þá aðgerð að fjarlægja þá úr þingsal með valdi hafa brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

##### ***Niðurstaða***

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að réttur blaðamanna til þess að birta fréttir af þingi og vera viðstaddir þingfundi væri viðurkenndur samkvæmt landsrétti í Makedóníu. Slíkur fréttáflutningur var að mati dómstólsins nauðsynlegur svo blaðamenn á borð við kærendur gætu sinnt starfi sínu með fullnægjandi hætti. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að réttur kæranda til þess að birta fréttir úr þingsal félli undir tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Tekið var fram að stjórnlagadómstóll Makedóníu hefði fjallað um mál kæranda, en sá dómstóll var einn bær til að fjalla um málið. Niðurstaða stjórnlagadómstólsins um nauðsyn og meðalhóf hafði verið byggð á mati á málsatvikum. Þó svo að óumdeilt væri að kærendur hefðu verið fjarlægðir úr þingsal var ágreiningur um hvort þeir hefðu streist á móti, en niðurstaða stjórnlagadómstólsins var að mestu leyti byggð á þeirri

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

forsendu að svo hefði verið. Þar sem niðurstaðan var byggð á staðreynd sem aðilar voru ósammála um var ekki talið réttlæt看legt að láta ekki flytja málið munnlega. Var því um brot gegn 6. gr. sáttmálans að ræða.

Um 10. gr.: Dómstóllinn tók fram að mestu skipti hvort takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Skipti þar máli hvers eðlis slagsmálin í þingsalnum voru og sú aðferð sem yfirvöld notuðu til þess að stöðva þau. Lögð var áhersla á hlutverk fjölmiðla og tekið fram að þeir ættu rétt á upplýsingum um atburðinn til að geta miðlað þeim til almennings. Allar tilraunir til að fjarlægja blaðamenn frá mótmælum yrði að mati dómstólsins að skoða í ljósi hlutverks fjölmiðla. Réttur fjölmiðla til þess að birta fréttir væri sérstaklega mikilvægur þegar um væri að ræða miðlun upplýsinga um hegðun kjörinna fulltrúa á þingi.

Dómstóllinn tók fram að meðan á slagsmálunum stóð hefðu kærendur einungis verið hlutlausir áhorfendur. Vera þeirra í þingsal og störf stofnuðu ekki almannahagsmunum í hættu eða ógnuðu friði í þingsalnum. Sú ákvörðun að fjarlægja kærendur hefði haft neikvæð áhrif á möguleika þeirra til þess að afla upplýsinga um atburðinn og hefði það mikil áhrif á getu þeirra til að miðla upplýsingum til almennings. Dómstóllinn taldi að sú ákvörðun að fjarlægja kærendur úr þingsal hefði falið í sér brot á tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Makedóníska ríkið var dæmt til að greiða hverjum kæranda 5.000 evrur í miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans.

### **Ólafsson gegn Íslandi**

**Dómur frá 16. mars 2017**

**Mál nr. 58493/13**

### **10. gr. Tjáningarfrelsi**

*Meiðyrði. Ábyrgð ritstjóra. Þjóðfélagsumræða. Fjölmiðlar.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, sem var ritstjóri á fréttavefmiðli, birti grein sem rituð var af blaðamanni og byggð á viðtali við tvær systur sem staðhæfðu að ættingi þeirra, sem var í framboði til alþingiskosninga, hefði áreitt þær kynferðislega þegar þær voru börn. Ættinginn kærði kæranda fyrir ærumeiðingar og krafðist þess að nokkrar staðhæfingar yrðu dæmdar dauðar og ómerkar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að staðhæfingarnar væru ærumeiðandi og voru þær ómerkta, auk þess sem kæranda var gert að greiða miskabætur.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### **Kæran**

Kærandi hélt því fram að með dóminum hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn benti á að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum væri málefni sem varðaði almenning og þjóðfélagsumræðuna. Tekið var fram að með því að bjóða sig fram í alþingiskosningum hefði ættinginn mátt vænta þess að vera í sviðsljósinu og þurfa að sæta gagnrýni, þar með talið vegna fyrri háttsemi. Talið var að refsing blaðamanns fyrir þátt sinn í útbreiðslu ummæla, sem höfð væru eftir öðrum einstaklingi í viðtali, gæti dregið verulega úr framlagi fjölmiðla til opinberrar umræðu. Vísað var til þess að sá blaðamaður sem um ræddi hefði leitast við að sannreyna trúverðugleika upplýsinga frá systrunum með því að ræða við ýmsa aðila. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði verið í góðri trú og leitast við að tryggja að greinin væri rituð í samræmi við skyldur blaðamanna. Væri ljóst að staðhæfingarnar komu beint frá systrunum. Áður en greinin var birt höfðu þær skrifað bréf um þessar staðhæfingar og sent til stórfjölskyldu sinnar, lögreglu og barnaverndaryfirvalda. Þá höfðu þær birt bréfið á sínum eigin vefsíðum áður en greinin var birt á fréttavefmiðlinum.

Dómstóllinn tók fram að viðkomandi ættingi hefði getað kært systurnar fyrir ærumeiðingar, en ákveðið að fara þá leið að kæra einungis ritstjórnann. Þó að þær miskabætur sem kæranda var gert að greiða hefðu ekki verið háar taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans, enda skipti mestu að óréttmætar takmarkanir á tjáningarfrelsi geti leitt til þess að fjölmiðlar veigri sér við að skrifa um mikilvæg málefni.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að um brot gegn 10. gr. sáttmálans hefði verið að ræða.

### **Sarigül gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 23. maí 2017**

**Mál nr. 28691/05**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

***Fangi. Tjáningarfrelsi. Lagastöð. Fyrirsjáanleiki.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Resul Sarigül, afhenti fangelsisýfirvöldum uppkast að skáldsögu sem hann hafði samið árið 2004 á meðan hann sat í fangelsi. Þetta var gert í þeim tilgangi að handritið yrði sent bókaútgefanda. Yfirvöld tóku handritið til skoðunar þar sem eftirlit var haft með bréfaskiptum fanga, en lituð var á handritið eins og venjulegt bréf. Talið var að handritið hefði að geyma umfjöllun sem styddi ólögleg samtök aðskilnaðarsinna í Tyrklandi og móðgaði lögregluna, auk þess sem þar væri að finna talsmáta sem bryti meðal annars gegn réttindum kvenna og opinberu siðgæði. Var því ákveðið að gera handritið upptækt. Árið 2006 þegar ákærvaldið hafði tekið ákvörðun um að ákæra ekki kæranda var handritinu skilað til hans.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að upptaka handritsins hefði brotið gegn rétti hans til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans, en Mannréttindadómstóllinn taldi að skoða bæri málið á grundvelli verndar tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að fangelsisýfivöld hefðu ekki stuðst við sérstaka lagaheimild þegar handrit kæranda var tekið af honum og gert upptækt. Hefði sú ákvörðun eingöngu verið tekin vegna inntaks handritsins, svo sem vegna þess að þar hefði verið að finna texta með óviðeigandi orðum og ummæli sem væru bönnuð samkvæmt sérstökum lista sem aganefnd fangelsisins hafði gert og varðaði bréfaskipti fanga.

Dómstóllinn lagði áherslu á að reglur um skoðun og eftirlit með bréfaskiptum fanga sem ekki væru skýrar um inntak sitt, til dæmis um það hvað teldist „óviðeigandi“, gætu ekki uppfyllt skilyrði um fyrirsjáanleika. Var því ekki talið að umrædd takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda ætti sér stoð í lögum. Af þeirri ástæðu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að um brot gegn 10. gr. sáttmálans hefði verið að ræða.

Kæranda voru dæmdar 1.500 evrur í miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans, en kröfu hans um bætur fyrir fjárhagslegt tjón var vísað frá.

## Markkinapörssi Oy og Satamedia Oy gegn Finnlandi

Dómur frá 27. júní 2017 – Yfirdeild

Mál nr. 931/13

### 10. gr. Tjáningarfrelsi

*Miðlun upplýsinga. Skattgreiðslur. Þjóðfélagsumræða. Svigrúm til mats. Meðalhóf.*

### 1. Málsatvik

Kærandur, Satakunnan Markkinapörssi Oy og Satamedia Oy, eru tvö finnsk fyrirtæki. Fyrirnefndi kærandinn gaf út dagblað sem veitti upplýsingar um skattgreiðslur og eignir finnskra skattgreiðenda. Seinni kærandinn veitti sömu upplýsingar í gegnum SMS-skilaboð.

Í apríl 2003 óskaði finnskur umboðsmaður persónuverndar þess að sérstök upplýsingaverndarnefnd takmarkaði möguleika kæranda á að vinna úr skattgögnum á þann hátt sem þeir höfðu gert árið áður. Upplýsingaverndarnefnd hafnaði beiðni umboðsmannsins með vísan til þess að kærandur væru fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði sem ættu rétt til undanþágu samkvæmt lögum um vernd persónuupplýsinga.

Málið var tekið til úrlausnar af stjórnsýsludómstól sem óskaði í febrúar 2007 eftir forúrskurði frá Evrópu dómstólnum varðandi túlkun á persónuverndartilskipun Evrópusambandsins. Í niðurstöðu Evrópu dómstólsins frá 16. desember 2008

kom fram að úrvinnsla og birting gagna sem væru opinber samkvæmt landsrétti gæti falið í sér fjölmiðlun ef tilgangur birtingarinnar væri að miðla upplýsingum, skoðunum eða hugmyndum til almennings. Engu máli skipti hvaða aðferð væri notuð til miðlunarinnar. Í september 2009 ákvað stjórnarsýsludómstóllinn að upplýsingaverndarnefnd skyldi banna kærendum að vinna úr og miðla skattupplýsingum á þann hátt sem þeir höfðu gert árið 2002. Því til stuðnings var meðal annars vísað til þess að samkvæmt forúrskurði Evrópudómstólsins væri mikilvægt að greina hvort miðlun ákveðinna upplýsinga væri til þess fallin að styrkja þjóðfélagsumræða eða eingöngu ætlað að svala forvitni almennings. Stjórnarsýsludómstólnur þótti birting skattupplýsinga og miðlun þeirra til almennings með SMS-skeyti ekki fela í sér fjölmiðlun sem nyti verndar.

Kærendur kærðu þessa niðurstöðu til Mannréttindadómstólsins sem komst að þeirri niðurstöðu 21. júlí 2015 að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans. Að beiðni kæranda var málinu vísað til yfirdeildar dómstólsins.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að sú staðreynd að upplýsingar væru aðgengilegar almenningi þýddi ekki sjálfkrafa að friðhelgi einkalífs þeirra, sem upplýsingarnar snerust um, gæti ekki komið til skoðunar á grundvelli 8. gr. sáttmálans. Kærendur höfðu safnað saman og birt upplýsingar um skattlagðar tekjur og eignir einstaklinga, en talið var að slíkar upplýsingar hefðu augljós tengsl við einkalíf viðkomandi einstaklinga. Ekki var talið skipta máli í þeim efnum að landslög gerðu ráð fyrir aðgangi almennings að upplýsingunum.

Talið var að ákvörðun upplýsingaverndarnefndar um að banna kærendum að vinna úr og birta skattupplýsingar fæli í sér takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra, sbr. 10. gr. sáttmálans. Þessi takmörkun átti sér stoð í lögum. Þá var talið að kærendur hefðu getað áttað sig á að söfnun og dreifing upplýsinga með þeim stórtæka hætti sem raun bar vitni gæti fallið utan þeirrar undantekningar sem fjölmiðlar nutu við fjölmiðlun. Jafnframt var talið að takmörkunin hefði stefnt að lögmatu markmiði. Kom þá til skoðunar hvort hún hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Við það mat skipti mestu máli að vega og meta annars vegar hagsmuni kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans og hins vegar hagsmuni þeirra einstaklinga sem umfjöllunin laut að og nutu verndar 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að í Finnlandi væru upplýsingar um skattgreiðslur aðgengilegar almenningi. Grunnrök þessa fyrirkomulags voru sjónarmið um eftirlit almennings með ríkisvaldinu. Hins vegar væri ekki sjálfgefið að ótakmörkuð birting skattupplýsinga væri til þess fallin að styrkja þjóðfélagsumræðu. Vísað var til þess að kærendur hefðu birt nánast allar skattupplýsingar orðrétt án þess að vinna

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

---

sérstaklega úr þeim. Upplýsingarnar vörðuðu um það bil 1.200.000 einstaklinga og aðeins fáir þeirra voru stjórnámálamenn eða opinberar persónur. Dómstóllinn var sammála finnska stjórnarsýsludómstólnum um að þessi gríðarlega umfangsmikla upplýsingabirting hefði ekki verið til þess fallin að styrkja samfélagsmæðu.

Það var óumdeilt að upplýsingarnar væru réttar og að þeirra hefði ekki verið aflað á ólöglegan hátt. Aftur á móti lá fyrir að kærendur höfðu afturkallað upplýsingabeiðni sína til skattýfirvalda og þess í stað ráðið starfsfólk til að safna umræddum upplýsingum á hinum ýmsu skrifstofum skattýfirvalda. Talið var að þessi aðferð væri augljóslega tilraun til þess að komast framhjá hefðbundnu ferli.

Dómstóllinn tók fram að fjölmiðlar hefðu frelsi til að ákveða hvað þeir fjölluðu um, en því fylgdu jafnframt skyldur og ábyrgð. Þó svo að upplýsingar um skattgreiðslur í Finnlandi væru aðgengilegar almenningi var aðeins hægt að nálgast þær í eigin persónu á skrifstofum skattýfirvalda. Fjölmiðlar gátu fengið þessar upplýsingar á rafrænu formi með takmörkunum, en þeir máttu til dæmis ekki birta upplýsingarnar í formi lista. Var því talið ljóst að þrátt fyrir almennan aðgang að upplýsingunum giltu um hann skýrar reglur og takmarkanir. Dómstóllinn tók fram að sú aðferð sem kærendur notuðu til þess að safna og dreifa viðkomandi upplýsingum hefði veitt miklu víðtækari aðgang að þeim en löggjafinn hafði ætlað. Lögð var áhersla á að reglum sem takmörkuðu aðgang hefði verið ætlað að vernda einkalíf einstaklinga. Þegar kæmi að því að ná jafnvægi milli réttinda samkvæmt 8. og 10. gr. sáttmálans hefðu aðildarríki víðtækt svigrúm til mats. Talið var að finnski stjórnarsýsludómstóllinn hefði með ákvörðun sinni reynt að ná slíku jafnvægi á grundvelli dómaframkvæmdar Mannréttinda- og Evrópuðómstólsins.

Dómstóllinn taldi að farið hefði fram fullnægjandi mat á ólíkum hagsmunum með hliðsjón af meginreglum sem leiddu af dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins. Stjórnarsýsludómstóllinn hafði lagt mikla áherslu á þá staðreynd að dreifing kærenda á upplýsingunum bætti engu við þjóðfélagsmæðu og að kærendur gætu þess vegna ekki borið fyrir sig undanþágu sem gilti um fjölmiðla samkvæmt landsrétti og reglum Evrópusambandsins. Með hliðsjón af þessum rökstuðningi hefði verið sýnt fram á nauðsyn takmörkunarinnar í lýðræðislegu samfélagi að teknu tilliti til þess svigrúms til mats sem finnska ríkið nyti. Samkvæmt þessu var talið að takmörkun á tjáningarfrelsi kærenda fæli ekki í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

---

## 14. gr. Bann við mismunun

---

**A.H. o.fl. gegn Rússlandi**

**Dómur frá 17. janúar 2017**

**Mál nr. 6033/13**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**14. gr. Bann við mismunun**

***Ættleiðingar. Fjölskyldulíf. Meðalhóf. Mismunun.***

### 1. Málsvik

Kærendur eru bandarískir ríkisborgarar sem höfðu hug á að ættleiða barn frá Rússlandi. Í desember 2012 ákvað löggjafinn í Rússlandi að banna bandarískum ríkisborgurum að ættleiða rússnesk börn. Þetta var gert í kjölfar pólitískra deilna milli Rússlands og Bandaríkjanna og tók bannið gildi 1. janúar 2013.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærendur töldu bann rússneska ríkisins fela í sér mismunun og brot gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. og 14. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að ákvæði sáttmálans tryggji ekki rétt til ættleiðingar. Hins vegar geti aðildarríki ekki gripið til aðgerða sem fela í sér mismunun í skilningi 14. gr. sáttmálans hafi það á annað borð heimilað ættleiðingar samkvæmt landsrétti. Samkvæmt þessu og þeim lögum sem giltu í Rússlandi var talið að kærendur ættu rétt á því að sækja um leyfi til ættleiðingar og að meta skyldi slíka umsókn á sanngjarnan hátt.

Tekið var fram að ættleiðingar milli landa væru langt og flókið ferli sem væri krefjandi og tímafrekt fyrir þá sem hygðust ættleiða barn. Sé stefnt að ættleiðingu á tilteknu barni byrji jafnframt oft að myndast umtalsverð tilfinningaleg tengsl löngu áður en ferlinu ljúki. Þegar ættleiðingarbannið tók gildi 1. janúar 2013 höfðu flestir kærenda þegar hitt það barn sem þeir vonuðust til að ættleiða og varið til þess verulegum tíma. Jafnframt höfðu flestir kærenda þegar skilað umsókn um ættleiðingu til rússneskra yfirvalda og ferlið verið langt á veg komið. Áréttað var að umsókn um ættleiðingu tryggji ekki að af henni verði og að dómstólar í upprunalandi barnsins hafi ávallt síðasta orðið. Eins og hér var ástatt hefðu dómstólar þó ekki neitað kærendum um ættleiðingarleyfi á grundvelli sérstaks og einstaklingsbundins mats, heldur hafði ættleiðingarferlinu lokið skyndilega vegna þess banns sem komið var á. Bannið var algjört og tók ekki mið af hagsmunum þeirra einstaklinga sem vildu ættleiða eða þeirra barna sem ættleiða átti.

Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið sýnt fram á haldbær og veigamikil rök fyrir því að ættleiðingarbanninu var beitt með þeim afdráttarlausa hætti sem raun bar



## 14. gr. Bann við mismunun

vitni. Bannið hafði verið afturvirkir og tekið til allra væntanlegra ættleiðingarforeldra, án tillits til þess hve langt þeir voru komnir í ættleiðingarferlinu. Var því ekki talið að kröfum um meðalhóf væri fullnægt.

Dómstóllinn komst samkvæmt þessu að þeirri niðurstöðu að rússneska ríkið hefði brotið gegn 8. og 14. gr. sáttmálans.

Hverjum kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 3.000 evrur í miskabætur.

### Bálšan gegn Rúmeníu

Dómur frá 23. maí 2017

Mál nr. 49645/09

### 3. gr. Bann við pyndingum

### 14. gr. Bann við mismunun

*Heimilisofbeldi. Jákvæðar skyldur. Mismunun gegn konum.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Angelica Bálšan, er rúmenskur ríkisborgari sem býr í Petrosani í Rúmeníu. Árið 1979 giftist hún og eignaðist síðar fjögur börn. Eiginmaður kæranda beitti hana og börn þeirra ofbeldi í áraðir. Þau slitu samvistum árið 2007 en þá fór ofbeldið versnandi og hélt áfram þar til skilnaðurinn varð endanlegur ári síðar. Á því tímabili réðst eiginmaður kæranda ítrekað á hana og þurfti hún að leita læknaaðstoðar. Bæði lögregla og dómstólar töldu að ofbeldið væri henni sjálfri að kenna eða ekki nægilega alvarlegt til að teljast refsivert. Maðurinn var sýknaður fyrir þrjú tilfelli ofbeldis sem áttu sér stað árið 2007 en ekki ákærður fyrir fimm tilfelli árið 2008. Honum var eingöngu gert að greiða stjórnsýslusektir. Meðan á rannsókn stóð reyndi kærandi ítrekað að beina sjónum lögreglu að ofbeldinu sem eiginmaður hennar beitti hana og sagðist óttast um líf sitt. Ekki var gripið til raunhæfra úrræða af hálfu yfirvalda og beiðnum hennar um vernd var ekki svarað.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að yfirvöld hefðu hvorki verndað hana gegn ítrekuðu heimilisofbeldi né látið eiginmann hennar sæta ábyrgð fyrir ofbeldið. Hún taldi að með þessu hefði verið brotið gegn réttindum hennar samkvæmt 3. og 14. gr. sáttmálans.

##### *Niðurstaða*

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fram að upplýsingar um það ofbeldi, sem kærandi hafði sætt, hefðu bæði verið skráðar í skýrslur réttarlæknis og lögreglu. Dómstóllinn lýsti áhyggjum af því að bæði á rannsóknarstigi og fyrir innlendum dómstólum hefðu yfirvöld haldið því fram að kærandi bæri sjálf ábyrgð á ofbeldinu þar sem hún hefði skapraunað manninum. Væri því ekki um ræða ofbeldi sem gæti talist fela í sér refsivert brot. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði leitað allra leiða til

#### 14. gr. Bann við mismunun

að fá yfirvöld til að grípa til aðgerða, en þau hefðu þrátt fyrir vitneskju um aðstæður ekkert aðhafst til að koma í veg fyrir frekara ofbeldi og tryggja að maðurinn sætti refsíabýrgð. Dómstóllinn komst að þeirri einróma niðurstöðu að um brot gegn 3. gr. sáttmálans væri að ræða.

Um 14. gr.: Dómstóllinn tók fram að sú vanræksla ríkja að vernda konur gegn heimilisofbeldi fæli í sér brot gegn rétti þeirra til þess að njóta jafnréttis. Opinberar tölur frá Rúmeníu sýndu að heimilisofbeldi liðist þar í landi og að stór hluti íbúa teldi það jafnvel eðlilegt. Þá væri aðeins lítið brot þeirra tilkynninga sem bærust rannsakað. Tölur um þolendur heimilisofbeldis hækkuðu frá ári til árs og væri meirihluti þeirra konur.

Yfirvöld hefðu vitað af því að eiginmaður kæranda hefði ítrekað beitt hana ofbeldi, en í reynd leitast við að réttlæta ofbeldið. Þessi afstaða yfirvalda hefði augljóslega verið í ósamræmi við alþjóðlega samninga um ofbeldi gegn konum og þá sér í lagi um heimilisofbeldi. Aðgerðarleysi yfirvalda í málinu var einnig greinilegt þar sem þau höfðu ekki gripið til neinna ráðstafana til að vernda kæranda þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hennar til lögreglu, ákærvalds og dómstóla. Í ljósi varnarleysis þolenda heimilisofbeldis hefðu yfirvöld átt að kanna aðstæður kæranda betur.

Ofbeldið sem kærandi mátti þola flokkaðist sem kynbundið ofbeldi sem væri ein tegund af mismunun gegn konum. Þó að rúmenska ríkið hefði innleitt lög og stefnur um hvernig ætti að berjast gegn og koma í veg fyrir heimilisofbeldi væri til staðar aðgerðarleysi hjá dómstólum í málum sem þessum og mikið skorti á að gerendum væri refsað. Var því ekki talið að réttarkerfið tryggði réttindi kæranda samkvæmt 3. og 14. gr. sáttmálans og komst dómstóllinn að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn ákvæðinu.

Kæranda voru dæmdar 9.800 evrur í miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans.

---

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

Lekić gegn Slóveníu

Dómur frá 14. febrúar 2017

Mál nr. 36480/07

1. gr. sammingsviðauka nr. 1. Friðhelgi eignarréttar

*Skerðing eignarréttar. Meðalhóf.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Ljubomir Lekić, er slóvenskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1956 og búsettur í Ljubljana í Slóveníu. Hann var minnihlutaeigandi og fyrrum framkvæmdastjóri fyrirtækis sem afmáð var úr fyrirtækjaskrá í samræmi við lög í Slóveníu í kjölfar fjárhagslegra erfiðleika. Eftir að fyrirtækið var afmáð úr fyrirtækjaskrá varð kærandi, ásamt öðrum eigendum fyrirtækisins, persónulega ábyrgur fyrir skuldum þess. Kærandi þurfti til að mynda að greiða 30.000 evrur úr eigin vasa til stærsta kröfuhafa fyrirtækisins.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn eignarrétti hans samkvæmt 1. gr. 1. sammingsviðauka sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar tvær spurningar sem tengdust því hvort 1. gr. 1. sammingsviðauka ætti við í málinu. Í fyrsta lagi hvort þær aðgerðir sem um ræddi hefðu haft bein áhrif á réttindi kæranda sem hluthafa í fyrirtækinu og í öðru lagi hvort hlutur kæranda í gjaldþrota fyrirtæki gæti talist eign í skilningi ákvæðisins.

Hvað varðar fyrri spurninguna tók dómstóllinn fram að sú aðgerð að afmá fyrirtækið úr fyrirtækjaskrá hafði haft þau áhrif að kærandi varð persónulega ábyrgur fyrir skuldum þess. Aðgerðin hafði því haft áhrif á fjárhag kæranda og bein áhrif á einstaklingsbundin réttindi hans. Að því er varðar seinni spurninguna tók dómstóllinn fram að hlutur í fyrirtæki feli í sér ákveðin réttindi, þar með talinn rétt til hlutdeildar í eignum fyrirtækisins komi til gjaldþrotaskipta. Talið var að kærandi ætti ákveðin réttindi sem tengdust fyrirtækinu enda þótt það hefði hætt allri efnahagslegri starfsemi. Var umræddur hlutur kæranda í fyrirtækinu því talin eign í skilningi sáttmálans.

Sú aðgerð að afmá fyrirtækið úr fyrirtækjaskrá hafði flókin og margvísleg lagaleg áhrif sem ekki var einfalt að fella undir sérstaka þætti 1. gr. 1. sammingsviðauka við sáttmálann. Var því talið rétt að skoða málið út frá almennu meginreglunni um friðhelgi eignarréttar. Dómstóllinn taldi þær reglur landsréttar sem leiddu til þess að kærandi varð persónulega ábyrgur fyrir skuldum fyrirtækisins bæði aðgengilegar

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

og skýrar. Væri því nægjanlegur lagalegur grundvöllur fyrir þeirri takmörkun sem kærandi kvartaði yfir, auk þess sem reglurnar stefndu að því lögmæta markmiði að koma á efnahagslegum stöðugleika. Hvað varðar meðalhöf taldi dómstóllinn að sú aðgerð að afmá fyrirtækið úr fyrirtækjaskrá hefði ekki haft óhóflega íþyngjandi áhrif á kæranda. Fyrirtækið hafði um langa hríð verið illa rekið, í andstöðu við lög og góða stjórnunarhætti, og voru viðbrögð yfirvalda, þar með talið að fella ábyrgð á eigendur fyrirtækisins, talin réttlæt看leg. Vísað var til þess að fyrirtækið hefði að einhverju leyti verið rekið af kæranda sem var um tíma framkvæmdastjóri þess og bæri að ákveðnu leyti sjálfur ábyrgð á erfiðleikum þess. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn aðgerðir stjórnvalda hóflegar og komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 1. gr. 1. samningsviðauka við sáttmálann.

---

## 4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

---

Jóhannesson o.fl. gegn Íslandi

Dómur frá 18. maí 2017

Mál nr. 22007/11

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis  
*Lögsókn tvívegis fyrir sama brot. Stjórnsýslumál. Sakamál.*

### 1. Málsatvik

Kærendum, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Tryggva Jónssyni, var gert á greiða skattaálag að undangenginni stjórnsýslumeðferð ríkisskattstjóra vegna vanhalds á því að telja vissar greiðslur fram til skatts. Í kjölfarið var höfðað sakamál gegn kærendum og þeir sakfelldir fyrir meiri háttar skattalagabrot vegna sömu atvika. Þeir voru dæmdir til skilorðsbundins fangelsis og greiðslu sektar. Við ákvörðun sektarinnar var tekið tillit til þess að þeim hafði áður verið gert að greiða skattaálag.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærendur töldu að þeir hefðu sætt lögsókn tvívegis fyrir sama brot með álagningu skattaálags og síðar saksókn í sakamáli fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum. Byggt var á því að málareksturinn hefði í báðum tilfellum byggst á sömu atvikum og því verið andstæður 4. gr. 7. sammingsviðauka við Mannréttindasáttmálan.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að atvik að baki ákvörðun um álag á skatta og sakfellingu kærenda vegna brots á skattalöggjöf væru efnislega þau sömu. Hann tók því næst til skoðunar hvort um hefði verið að ræða tvítekningu málsmeðferðar í andstöðu við 4. gr. 7. viðauka við sáttmálan. Tekið var fram að tvær málsmeðferðir, þ.e. á stjórnsýslustigi og fyrir dómi eins og raunin var í tilviki kærenda, væru ekki í andstöðu við ákvæðið að því gefnu að sýnt væri fram á nægileg tengsl hvað varðaði efni og tíma. Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á slíkt í málinu.

Hvað varðar efnisleg tengsl féllst dómstóllinn á að málsmeðferðirnar tvær hefðu markmið sem styddu hvort annað og að afleiðingar brots kærenda hefðu verið fyrirsjáanlegar. Þá hefði verið tekið nægilegt tillit til skattaálagsins við ákvörðun sektar í sakamálinu. Tekið var fram að fyrirkomulag við öflun sönnunargagna væri mikilvægur þáttur við mat á efnislegri tengingu. Lögregla hafði aðgang að gögnum skattýfirvalda, en engu að síður lét hún fara fram sjálfstæða rannsókn sem leiddi til sakfellingar kærenda fyrir Hæstarétti. Samkvæmt þessu hefði háttsemi kærenda og ábyrgð þeirra samkvæmt mismunandi ákvæðum refsilaga og skattalaga verið rannsókuð af mismunandi yfirvöldum og dómstólum á grundvelli málsmeðferða sem voru að mestu leyti óháðar hvor annarri.

#### 4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

---

Dómstóllinn tók fram að tengsl málanna í tíma yrðu að vera nægileg til að koma í veg fyrir að einstaklingar þyrftu að sæta óvissu, töfum og því að málsmeðferð dragist á langinn. Í máli kæranda var heildartími beggja málsmeðferðanna um það bil níu ár og þrjár mánuðir, en málin voru eingöngu rekin samhliða í rúmlega eitt ár. Kærendur voru ekki ákærðir fyrir en 15 til 16 mánuðum eftir ákvörðun skattyfirvalda í stjórnsýslumálinu og voru ekki sakfelldir fyrir en fjórum árum eftir að umræddar ákvarðanir voru teknar. Þá féll dómur Hæstaréttar rúmu ári síðar. Tekið var fram að íslenska ríkið hefði ekki getað skýrt þessar tafir.

Einkum með vísan til takmarkaðrar skörunar málanna í tíma og sjálfstæðrar gagnaöflunar tveggja yfirvalda taldi dómstóllinn ekki nægilega nánin tengsl hvað varðaði tíma og efni á milli stjórnsýslumálsins og sakamálsins. Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 4. gr. 7. samningsviðauka við sáttmálann.

Kærendum voru dæmdar miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans, annars vegar 5.000 evrur og hins vegar 10.000 evrur. Dómstóllinn taldi að niðurstaða málsins fæli í sér nægilegar bætur fyrir fjárhagslegt tjón.